

Frá Sandgerði til Búrkína Fasó

Sandgerðingurinn Jóhanna Sólrún Norðfjörð hefur búið á Akureyri síðan um aldamót og er í dag forstöðumaður, eða prestur, í Hvítasunnukirkjunni á Akureyri.



8-9

nettó
Aþtíliboð - afsláttur í formi inneignar

3.-6. október

50% appsláttur

Grisakótleitur á beini
2.869 kr/kg
Inneign: 1.435 kr/kg

50% appsláttur

Côte de boeuf, nautarírfjasteik, 300-400 g
2.419 kr/pk
Inneign: 1.210 kr/pk

30% appsláttur

Sviðahausar
899 kr/kg
Inneign: 270 kr/kg

VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER 2024 // 37. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Púttað á Mánafliot í haustblíðunni

VF/Páll Ketilsson



Húsnæðismál FS óviðunandi

Sjá frétt og viðtal á síðum 2 og 4



Þjálfarar spá í körfubolta-veturinn

Sjá íþróttir á síðum 13-15



Verðum að vera viðbúin kröftugra gosi

Sjá umfjöllun á síðum 10-11

Lághitaveita í Rockville

■ Búnaður fyrir lághitaveituna væntanlegur á næstu vikum. ■ Hita upp ferskvatn með 70 gráðu heitum jarðsjó.

„Við reiknum með að þessi hitaveituhola sem boruð var í Rockville breyti miklu fyrir svæðið. Hún dugar ekki fyrir fullri starfsemi en breytir miklu varðandi hættu af frostskegndum. Það er mikil vinna í þessu núna,“ segir Víðir Reynisson, sviðsstjóri almannavarnadeildar ríkislög-reglustjóra, um virkjun lághitaveitu í Rockville á Miðnesheiði.

Fyrir tilstuðlan almannavarna voru boraðar þrjár holur í leit

að lághita til að koma upp varahitaveitu á Suðurnesjum. Holan í Rockville er afkastamest þeirra þriggja og skilar um þrjátíu sekúndulitrum af um sjötíu gráðu heitu vatni.

„Búnaður og annað sem þarf við holuna verður kominn eftir sex til sjö vikur. Þá á eftir að reyna á það hvað við fáum mikinn hita úr holunni þegar varmaskiptar og annar búnaður er kominn,“ segir Víðir. Hann segir ferlið flókið þar

sem unnið er með jarðsjó. Jarðsjórinn verður notaður til að hita upp ferskvatn í varmaskiptum. Koma þarf ferskvatni á staðinn og koma affallinu til sjávar. Víðir segir hluta af verkefninu vera að nýta lagnir sem eru til staðar en einnig að leggja nýjar lagnir til og frá Rockville.

Fyrir á árinu var borað eftir fersku köldu vatni við Árnarétt í Garði til að koma upp varavatnsveitu. Það ferskvatn verður þó ekki

notað til upphitunar í Rockville. Ferskvatnið verður áfram fengið úr Lágum. „Ef við missum það getum við tengt okkur við vatnsbólið í Garði,“ segir Víðir.

Boraðar voru þrjár holur í leit að lághita. Holan í Rockville er gjöfulust þeirra allra. Þó er ekki útilokað að nota hinar tvær með varmaskiptatækninni. Þá er að sögn Víðis einnig verið að skoða rafkatla til upphitunar á ferskvatni.

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBORG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Flugvallarsvæðið sem er til skoðunar í Hvassahrauni. VF/Hilmar Bragi

Niðurstöður rannsókna útiloka ekki byggingu flugvallar í Hvassahrauni

Skýrsla starfshóps um rannsóknir á byggingu flugvallar í Hvassahrauni var kynnt á þriðjudag. Helstu niðurstöður eru þær að veðurskilyrði mæla ekki gegn byggingu flugvallar í Hvassahrauni, að flugvallarsvæði væri að mestu utan skilgreindra eldstöðvakerfa og að langtíma-áhrif verði ekki mikil á innanlandsflug verði það fært á nýjan flugvöll. Meðal tillagna hópsins er að skilgreint svæði verði tekið frá upp af Hvassahrauni fyrir þrjár flugbrautir og að unnið verði að frekari rannsóknum.

„Vandaðar og yfirgripsmiklar rannsóknir á byggingu flugvallar í Hvassahrauni eru mikilvægar fyrir samfélagið til framtíðar. Undir-

búningur fyrir byggingu flugvallar tekur langan tíma og það blasir við að þróa þarf nýtt flugvallarsvæði fyrir ólíkar þarfir í flugsamgöngum til lengri framtíðar. Aðstæður á Reykjavíkflugvelli bjóða til að mynda ekki upp á þróunarmögu- leika. Það er því brýnt að skapa umræður um niðurstöður starfshópsins og eiga samtal um framtíðarvalkost. Niðurstöður rannsókna- nna nú útiloka ekki að byggður verði flugvöllur á Hvassahrauni þegar horft er til lengri tíma og að það komi til álita að byggja upp flugvöll fyrir þyrluflug, einkaflug og innanlandsflug í Hvassahrauni,“ segir Svandís Svavarsdóttir innvið- aráðherra á vef stjórnarráðsins. Nánar má lesa um málið á vf.is

Jafnvel gengið svo langt að taka börn inn á sitt eigið heimili

■ Ályktun um börn með fjölþættan vanda á aðalfundi S.S.S.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn þann 28. september, hvetur ríkisvaldið til að standa betur undir ábyrgð sinni í þjónustu við börn með fjölþættan vanda hvað varðar ábyrgð á úrræðum og fjármögnun þeirra.

Á undanförunum 10 árum hefur skapast gjá á milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Ríkið hefur dregið verulega úr úrræðum á þessu tímabili en skv. framkvæmdastjóra Barna- og fjölskyldustofu hefur meðferðar- plássum fækkað úr rúmlega 60 í tæplega 20 pláss. Barnaverndar- þjónustur á landsvísu hafa fundið verulega fyrir þessari þróun og hefur kostnaður sveitarfélaga við þennan þjónustuhóp aukist á sama tíma.

Skilgreiningarvandi á hvað telst barn með fjölþættan vanda, ásamt fækkun úrræða af hendi ríkisins veldur því að grá svæði hafa myndast milli ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Það hefur skapað kerfislegan vanda og ábyrgð á þjónustu við þennan hóp lagst á herðar sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa verið nauðbeygð til þess að mæta þjónustubörf- inni með því að kaupa þjónustu af einkareknum úrræðum á borð við Klettabæ, Heilindi og Vinakot. Kostnaður sveitarfélaganna vegna slíkra samninga er gríðarlegur eða um 150 milljónir fyrir hvern samning á ársgrundvelli.



Fólkráar Suðurnesjabæjar á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um síðustu helgi.

Það er réttlætismál fyrir alla aðila að þessi mál séu skýrari og ekki sé verið að færa vandann á milli kerfa. Barnaverndarþjón- ustur á Suðurnesjum eru með fleiri en eitt mál sem falla undir þörf fyrir þjónustu skv. 79. gr. barnaverndarlaga. Þessi mál hafa öll verið í kerfinu í lengri tíma með viðtækm vandkvæðum fyrir alla aðila. Þessi börn þurfa að fá við- eigandi þjónustu og þau þurfa að fá hana hratt.

Ljóst er að nú er komið að þol- mörkum hjá sveitarfélögunum bæði hvað varðar úrræði og fjár- mögnun og verður ríkið að stíga fram og sinna lagalegri skyldu sinni í málaflokknum. Starfsfólk sveitarfélaga hefur vissulega lagt sig allt fram til að leysa öll mál og jafnvel gengið svo langt að taka börn inn á sitt eigið heimili. Jafnframt hefur starfsfólk kallað

ítrekað eftir svörum varðandi framkvæmd þeirra úrræða sem tilgreind eru hér að ofan en einu svörin sem fást eru þau að lítið þokist í málaflokknum og að ekki sé til fjármagn. Barna- og fjöl- skyldustofa (BOFS) hefur engin svör, ekki úrræði og ekki fjármagn til að koma þeim á laggirnar. Hér er um að ræða neyðarástand sem varðar líf og framtíð barna.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum krefst þess að ríkið vinni hratt að því að leysa gráu svæðin í þjónustu við börn með fjölþættan vanda, tryggja nauðsynlegt fjár- magn og hefji strax vinnu við að koma á fót þeim úrræðum sem lögð hafa verið til. Í Áfangaskýrslu II sem gefin var út í september 2024, koma fram skýrar tillögur sem þurfa að koma til framkvæmda, segir m.a. í ályktun S.S.S.

Fermetrum í viðbyggingu fækkar í hvert skipti sem nýjar teikningar koma

■ Ályktun um viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 28. september 2024 hvetur ríkisvaldið til að hefja viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í takt við íbúafjölgun á Suðurnesjum. Þegar byggt var við skólann síðast 2004, þá var íbúa- fjöldinn á Suðurnesjum 17.090. Í september var íbúafjöldinn í Reykjanesbæ einum 24.120. Þann 1. september 2024 var íbúa- fjöldi á Suðurnesjum 31.849. Þetta kemur fram í ályktun sem var lögð fram á aðalfundi Sam- bands sveitarfélaga á Suðurnesjum um síðustu helgi.

Því lætur nærri að íbúafjöldinn á svæðinu hafi tvöfaldast síðan síðast var byggt við skólann. Rétt er að hafa í huga að hlutfall nemenda sem sækja um nám í framhalds- skóla hefur hækkað frá því sem var 2004 og því eru sífellt fleiri úr hverjum árgangi sem sækja um skólavist. Hlutfall nemenda af er- lendum uppruna er einnig hátt á svæðinu og þeir sækja eðlilega líka um skólavist Suðurnesjum.

Þann 6. apríl síðastliðinn mættu bæjarfulltrúar frá Reykjanesbæ, Vogum og Suðurnesjabæ ásamt mennta- og barnamálaráðherra, á undirritun um viðbyggingu Fjöl- brautaskólans á Suðurnesjum. Samningurinn hljóðaði upp á við- byggingu við skólann upp á allt að 1900 m².

Þegar aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum er



haldinn þann 28. september hafa liðið alls 25 vikur frá undirritun- inni eða hálfri ári. Eitthvað hefur þokast í málinu en þó yfirleitt að- eins það að sendar eru inn nýjar teikningar þar sem fermetrum fækkar í hvert skipti.

Teikningar af nýju viðbygging- unni eins og sakir standa í dag eru alls 1.800 m² sem er á engan hátt að endurspeglar þarfir skólans þar sem áskoranir snúa meðal annars að mjög miklum fjölda nemenda, að miklum fjölda nemenda sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, að verulegri þrengingu að verk- námsaðstöðu en auk þess hefur skólinn tekið að sér nemendur sem voru áður í menntaskólanum við Ásbrú auk brauta sem sneru að einkaþjálfun og styrktarþjálfun.

Svo virðist vera að Excel skjöl ríkisins skilgreini stækkun verk- námsaðstöðu um allt land sem heildarfermetrafjölda og deila þannig niður fermetrum milli svæða, sem verður að teljast virki- lega sérstök aðferð við að skipu- leggja stækkun aðstöðu ólíkra skóla.

Aðalfundur S.S.S. skorar á ríkis- valdið að hefja viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í sam- ræmi við þarfir hans, sem fyrst svo ekki líði aðrar 25 vikur án þess að nokkuð gerist í verkefninu, segir í ályktuninni.

Rætt er við skólameistara Fjöl- brautaskóla Suðurnesja um málið í viðtali á síðu 4 í Víkurfréttum.

Allt hreint
Umhverfissvöttuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Stofn

Endurgreiðslur í 30 ár



Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóvá Stofnendurgreiðslu. Þannig hefur það verið í 30 ár.

Sjóvá | Hafnargötu 36 | 440 2000 | sudurnes@sjova.is

SJÓVÁ



Húsnæðismál FS óviðunandi og geta ekki verið svona áfram

- Geymslum breytt í kennslustofur og sumarhús notað sem skólastofa
- Fjölbrautaskóla Suðurnesja naumt skammtað og fær lægstu framlög á nemanda

„Svona getur þetta ekki haldið áfram. Það er vonlaust,“ segir Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, í viðtali við Víkurfréttir. Skólameistari FS mætti með ákall og hvatningu til bæði þingmanna og sveitarstjórnarmanna um húsnæðismál skólans á aðalfund Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem haldinn var í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um síðustu helgi. Síðast voru byggðar kennslustofur við skólann þegar íbúafjöldi á Suðurnesjum var helmingi minni en hann er í dag.

Á fundinum fór Kristján yfir byggingarsögu skólans en síðustu ár hefur vantað upp á að byggingarmagn hafi fylgt fjölgun nemenda. Síðasta bygging sem reis var aðstaða fyrir nemendur en kennslustofur vantar orðið tilfinnanlega og nú er svo komið að kennsla fer m.a. orðið fram í gámum og sumarhúsi á lóð skólans.



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vfi.is

Þú nefndir á fundinum miklar áskoranir í húsnæðismálum Fjölbrautaskóla Suðurnesja?

„Já, það er rétt. Það er tími til kominn og það er bráðnaðsynlegt að ráðist verði í úrbætur á húsnæði skólans. Íbúafjöldi á svæðinu hefur nær tvöfaldast frá því að álma 3, sem er síðasta viðbygging við skólann, var tekin í notkun. Við höfum verið að taka við tveim brautum frá Keili, þannig að það þýðir að við erum að verða eini framhaldskólinn hér á svæðinu. Það er alveg öllum ljóst að það er

brýnt að við verðum að fá aukið húsnæði. Við erum farin að byggja okkar eigið húsnæði með því að nýta sumarhúsið sem við byggjum til kennslu og raða gámum hérna fyrir framan til að geta mætt þeim nemendafjölda sem sækir um hjá okkur.“

Þú vilt meina að staðan sé óviðunandi eins og hún er í dag?

„Hún er það, algjörlega. Hugmyndirnar frá ráðuneytinu eru sem betur fer góðar. Það á að bæta úr aðstöðu verknáms. En við erum



Kristján Ásmundsson,
skólameistari Fjölbrautaskóla
Suðurnesja

búin að vekja máls á því lengi að það þarf samhliða að bæta úr brýnni þörf fyrir aukið rými fyrir almenna kennslu.“

Allt stopp í ráðuneytinu

Í máli skólameistara kom fram að lítil hreyfing er á málum skólans í stjórnkerfinu.

„Það virðist vera að þetta sé stopp inni í fjármála- og efnahagsráðuneyti og það séu fjórir skólar sem séu undir í þessum fyrsta fasa og það verði allt leyst í einu. Við getum ekki beðið svo lengi. Þetta er búið að vera í vinnslu frá því í maí að þessu virtist vera skilað inn til ráðuneytisins og þegar maður er að spyrja, þá er þetta allt í athugun, komið vel á veg, en ekkert gerist, því miður.“

Skólameistari hefur ítrekað bent á að Fjölbrautaskóla Suðurnesja sé naumt skammtað og fái skólinn lægst fjárframlög á hvern nemanda. En hafa skólayfirvöld í Fjölbrautaskóla Suðurnesja fengið skýringar á því hvers vegna svo er?

„Það er eitthvað sem við höfum aldrei fengið almennilega skýringu

á. Og þegar þeir voru orðnir dálítið pirraðir og þreyttir á þessu nöldri í okkur, þá var svarið að við kynnum ekki að reikna. Hluti af því er að við búum við frekar lítið húsnæði og það þýðir að framlag okkar per húsnæðislið er lægra en annarra. Að mínu mati getur það ekki skýrt allan þennan mun. Það þarf hjá öllum, ekki bara okkur, að fá aukið fé inn ef við eigum að geta menntað verk- og starfsnámsnema almennilega.“

Breyta geymslum í kennslustofur

Þú nefndir í þínu erindi margkonar áskoranir skólans. Til að mynda eru um fimm prósent nemenda af erlendu bergi brotnir.

„Já og þeim hefur farið fjölgandi undanfarið. Við viljum þegar við erum að taka við slíkum nemendum þjónusta þá vel. Við erum með hundrað nemendur sem eru að taka sérstaka íslenskuáfganga sem eru fyrir erlenda nemendur. Við settum upp sérstaka braut til að geta tekið við þeim. Ef við eigum að gera þetta vel, erum við ekki að hruga þeim öllum eða 25-30 í hvern hóp. Við verðum að hafa í huga að þessir nemendur eru ekki allir mælandi á enska tungu. Það er arabíska, spænska og hvaðeina, úrdí og bara nefndu það. Við getum þess vegna ekki verið með nema svona tíu til tólf í hópi ef við eigum að sinna þeim almennilega. Það viljum við reyna að gera. Þess vegna þurfum við fleiri stofur, litlar stofur. Það höfum við verið að gera með því að breyta geymslum í kennslustofur.“

Þetta á líka við starfsbrautirnar?

„Þar höfum við verið með áttatíu nemendur. Þar erum við sömu-leiðis að búa dálítið þröngt. Við vildum svo sannarlega geta búið betur að þeim. Þetta eru þeir nemendur sem munu alltaf þurfa okkar aðstoð og við viljum hjálpa þeim til að ná þroska og efla fyrir vonandi sjálfstæða búsetu og þátttöku á almennum vinnuumarkaði. Það er markmiðið á starfsbrautinni.“

Sumarhús notað sem kennslustofa

Þannig að það er brýn þörf strax á að leysa húsnæðismál skólans?

„Já, við sjáum það ef við horfum upp á G-álmuna sem við köllum í gríni gámana tvo sem eru nýttir allan daginn eins og sumarhúsið sem einnig er nýtt allan daginn undir kennslu. Það leit lengi vel út í vor að við yrðum að bæta þriðja gámunum við. Það sem setur okkur í þessa erfiðu stöðu er að það hafa verið mygluvandráði hjá grunnskólunum á svæðinu, þannig að allt leiguhúsnæði hér í nágrenninu er upptekið fyrir grunnskólana, eðlilega. Við vorum í vor að spyrja fyrir og reyna að athuga hvort einhverstaðar væri laust húsnæði en það var ekki. Þess vegna enduðum við á því að taka sumarhúsið okkar og breyta því í kennslustofu. Það er því hagkvæmt ef skólarnir fara bara í að byggja sínar eigin stofur. Grínlaust þá vonum við að til þess komi ekki og þess vegna erum við með þetta ákall og hvatningu til bæði þingmanna og sveitarstjórnarmanna að svona getur þetta ekki haldið áfram. Það er vonlaust,“ sagði Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, í samtali við Víkurfréttir.

Skreytum hús

Nýtt litakort

Nýtt Skreytum hús litakort er komið í verslanir Slippfélagsins.

SLIPPFÉLAGIÐ Opið:
Hafnargötu 54 **8-18** virka daga
Reykjanesbæ **10-14** laugardaga
S: 421 2720 **slippfelagid.is**

SLIPPFÉLAGIÐ



Gámar og sumarhústaður eru notaðir sem skólastofur við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Innleiðing á bláhöttum hafin

B-listi í Suðurnesjabæ hefur óskað eftir að hafin verði vinna við aðgerðaáætlun um lýsingu á gangbrautum við allar nærliggjandi skólabyggingar í sveitarfélaginu. Erindinu var fylgt eftir með bókun og tillögu á síðasta fundi framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar.



kviknar þegar vegfarandi nálgast gangbraut, hafa reynst vel í nágretta sveitarfélögum og stuðla að auknu öryggi, sérstaklega á dimmum árstímum. B listi vill að hafist verði handa við aðgerðaáætlun sem tryggir innleiðingu á slíkri tækni hér í sveitarfélaginu við allar skólabyggingar í Suðurnesjabæ og gerð verði ráð fyrir fjármögnun á slíku í næstu fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2025.

Í bókun framkvæmda- og skipulagsráðs segir að innleiðing á bláhöttum er hafin og hefur verið sett upp á nokkrum stöðum. Ráðið tekur undir mikilvægi þess að haldið sé áfram með verkefnið og aðgerðaráætlun um áframhaldið lögð fyrir ráðið.

Í bókuninni segir m.a.: „Öryggi gangandi vegfarenda, sérstaklega barna, er okkur hjartans mál. Við teljum mikilvægt að sveitarfélagið stígi markviss skref til að bæta lýsingu á gangbrautum við skólabyggingar til að tryggja betri sýnileika og öryggi fyrir bæði gangandi og akandi vegfarendur. Nýjustu tæknilausnir, eins og hreyfiskynjarar og LED-lýsing (blue light) sem

Súlan



Menningarverðlaun Reykjanesbæjar 2024

Menningar- og þjónusturáð Reykjanesbæjar óskar eftir tilnefningum vegna menningarverðlauna Reykjanesbæjar 2024. Tilnefna skal einstakling, hóp eða fyrirtæki sem unnið hafa vel að menningarmálum í bæjarfélaginu.

Tilnefningu ásamt stuttum rökstuðningi skal skilað á netfangið: menningarfulltrui@rnb.is í síðasta lagi föstudaginn 18. október næstkomandi. Upplýsingar um verðlaunahafa fyrri ára og nánari reglur má finna á vef Reykjanesbæjar undir flokknum „Mannlíf.“

Menningar- og þjónusturáð Reykjanesbæjar

Skipulag í Reykjanesbæ



Rammahluti aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035 fyrir Ásbrú

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 17. september 2024 að auglýsa tillögu að rammahluta aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035 fyrir Ásbrú samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Samhliða er auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tillagan er í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá og með 2. október til 19. nóvember 2024. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is.

Íbúafundur um efni tillögunnar verður haldinn á auglýsingatíma og er nánar útlistað á heimasíðu Reykjanesbæjar: reykjanesbaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 19. nóvember 2024. Skila skal inn skriflegum athugasemdum í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar málsnúmer 1074/2023

Nánari gögn er að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is og á reykjanesbaer.is Reykjanesbær 2. október 2024



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

Samfélagsleg ábyrgð

INFLÚENSU- OG COVID-BÓLUSETNINGAR 2024

Áhættuhópum er boðið upp á influensu- og/eða Covid-bólusetningar á eftirtöldum stöðum:

Hljómahöll í Reykjanesbæ, miðvikudaginn 9. október kl. 9–12

Álfagerði í Vogum, föstudaginn 11. október kl. 10–12

Varðan í Suðurnesjabæ, þriðjudaginn 22. október kl. 13–14:30

Hljómahöll í Reykjanesbæ, þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13–15

Hægt er að bóka tíma á heilsuvera.is eða í síma 422-0500 á milli kl. 8–16.

ÁHÆTTUHÓPAR INFLÚENSU ERU:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri
- Öll börn fædd 1.1.2020–30.6.2024 sem hafa náð sex mánaða aldri þegar bólusett er.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, offitu, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

ÁHÆTTUHÓPAR COVID ERU:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna og lifrarsjúkdómum, offitu, sykursýki, illkynja sjúkdómum eða eru ónæmisbæld af völdum lyfja eða sjúkdóma.
- Barnshafandi konur, eftir fyrsta þriðjung meðgöngu.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Bóluefnið er forgangshópum að kostnaðarlausu

Kveðja,
Heilsugæsla HSS

Ungmennni kynntu sér framtíðarstörf



Nýr þáttur á föstudögum á vf.is



SUÐURNESJA

magasín

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



R Ó S H R U M R O T T O P S V
 E Ð A L A T U R U N N E T G E
 Y R T Á S Í Á F R A M U T Á I
 K R Ú T L T V K L A T O L S Ð
 T U Ð U E T J G G T P K E B A
 U F I R P Á U S N P A Ý T Y R
 R R F I J L Ó E S A N D R Ð R
 R A A N A B F K Ó F L T F O A
 U K R N S J A G N U T S E B T
 Ð S G A A R Ú Ð N L E G N I A
 Ó A S J F Ý L D U R I N Y F A
 M L 8 U E R I Ý R S A É U F K
 R Í R S A O N L Ý F A N S A R
 E D A M Ó R Í L N L L A Ð K A
 H Æ S T A Ð T O K S A L G A H

ÁLKA
 LANGVÍA
 SLEPJA
 DÍLASKARFUR
 OFT
 STUTTNEFJA
 HAGLASKOT
 LUNDI
 ORÐ
 TOPPSKARFUR

LÝSI
 REYKT
 VEIÐAR
 GRAFIÐ
 HARKA
 NÝR
 KAFFIBOÐ
 POTTORMUR
 HLÁTURINN
 FANN

Gangi þér vel!

Netabátunum fjölgar

Þá er maður staddur á Egilsstöðum þegar þessi pistill er skrifaður og kannski ekki mikið hægt að tengja Egilsstaði við sjávarútveginn á Suðurnesjum. Ekki nema varðandi Egilsstaðaflugvöll, því núna eru Einhamarsbátarnir allir þrír á veiðum við Austurlandið og áhafnir bátanna fljúga af og til og frá Egilsstöðum.

Annars hafa Einhamarsbátarnir róið frekar lítið núna í september. Heildaraflinn hjá þeim kominn í 275 tonn og er Auður Vésteins SU hæst með 136 tonn í sautján róðrum. Hann er líka sá bátur af þeim sem oftast hefur róið. Gísli Súrsson GK er með 77 tonn í níu og Vésteinn GK með 62 tonn í sex róðrum.

Fjölnir GK (með danska ö-inu) er líka á Austfjörðum og er kominn með 129 tonn í þrettán róðrum og mest 19,7 tonn í einni löndun.

Stakkavíkurbátarnir eru svo til allir á Skagaströnd og hafa landað þar 400 tonnum, þeir hafa róið nokkuð stíft og hæstur af þeim er Óli á Stað GK sem er kominn með 162 tonn í níttján róðrum. Hópsnes GK með 101 tonn í átján róðrum, Geirflug GK 75 tonn í þrettán og Gulltoppur GK 61 tonn í ellefu róðrum.

Þeim fjölgar netabátunum. Núna er Hólmgrímur kominn

með fimm báta sem eru að veiða fyrir hann. Þetta eru Addi Afi GK, Sunna Líf GK, Svala Dís KE, Hraunsvík GK og Neisti HU en Neisti HU er búinn að landa 19 tonnum í þrettán róðrum. Allir bátarnir landa í Keflavík.

Þessi bátur, Neisti HU, er nokkuð merkilegur því hann er einn af mörgum stálbátum sem voru smíðaðir í Bátalóni í Hafnarfirði. Báturinn mælist um sautján tonn og er tólf metra langur. Þó nokkuð margir bátar eins og Neisti HU voru smíðaðir og nokkrir af þeim voru í útgerð á Suðurnesjunum, t.d. Bjarni KE og Askur GK.

Neisti HU hefur aftur á móti haldið sínu nafni og HU merkingunni núna í hátt í 30 ár, sem



AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



er vægast sagt mjög óvenjulegt. Heimahöfn bátsins hefur öll þessi 30 ár verið Hvammstangi. Þar var báturinn meðal annars á rækjuveiðum í Húnaflóanum.

Reyndar er það nú þannig að af þessum fimm bátum sem eru að veiða fyrir Hólmgrím þá eru þrír plastbátar og tveir stálbátar, því Hraunsvík GK er líka stálbátur eins og Neisti HU. Stundaði báturinn líka rækjuveiðar en Hraunsvík GK gerði það þegar báturinn hét Gunnvör IS og reyndar stundaði báturinn líka humarveiðar undir þessu nafni og landaði þá í Vestmannaeyjum.

SUÐURNESJA
magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is



Þorgerður Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, klippti á borða þegar verslunin var opnuð.

Ný komuverslun Fríhafnarinnar og 65 ára afmæli fagnað

Ný komuverslun Fríhafnarinnar var opnuð formlega á dögunum eftir miklar endurbætur og stækkun. Við sama tækifæri var 65 ára afmæli félagsins einnig fagnað. Miklar framkvæmdir og breytingar hafa staðið yfir á Keflavíkurlugvelli að undanförunu og var nýr töskusalur tekinn í notkun á síðasta ári. Samhliða því var ráðist í það verk efni að stækka verslun Fríhafnarinnar sem hefur leitt til stórbættrar þjónustu fyrir viðskiptavini, bæði í vöruúrvali og aðgengi.

Nýja verslunin er 2.400 fermetrar að stærð og var megináhersla lögð á aukna afkastagetu við afgreiðslu og gott flæði um verslunina. Í komuversluninni eru nú 16 sjálfsafgreiðslustöðvar og fjórir mannaðir afgreiðslukassar. Fyrir breytinguna voru langar raðir í afgreiðslu helsti flöskuhálsinn og náðu raðir á kassa oft og tíðum langt inn eftir versluninni með tilheyrandi biðtíma og skertu aðgengi að stórum hluta verslunarinnar. Langar raðir heyra nú sögunni til sem er mikil bylting.

Hönnun og skipulag verslunarinnar var unnið með breska hönnunarfyrtækinu M Worldwide og innréttingar komu frá ítalska fyrirtækinu Imola Retail Solutions í samvinnu við Verslunartækni.

„Okkur þótti mikilvægt að verslunin, sem er fyrsta stopp ferðafólks á Íslandi, endurspegladi íslenska náttúru og menningu. Litirnir, efnisvalið og innréttingarnar voru hannaðar með Ísland í huga,“ segir Þorgerður Þráinsdóttir framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar. „Við tókum þá ákvörðun snemma



í hönnunarferlinu að hafa einnig íslenskuna í forgrunni, þannig að flestar merkingar í deildum verslunarinnar eru einungis á íslensku. Við sjáum að þessi áhersla á Ísland hefur góð áhrif á upplifun viðskiptavina okkar. Íslendingar finna að þeir eru komnir heim og erlent ferðafólk fær góða upplifun af Íslandi strax frá fyrstu mínútu.“

Bíla viðgerðir
 Smurpjonusta
 Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREIÐING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //





Sameiginleg almannavarnanefnd á Suðurnesjum?

Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur, leggur til að hafist verði handa við gerð samstarfssamnings sveitarfélaga á Suðurnesjum um starfsemi sameiginlegrar almannavarnanefndar á Suðurnesjum.

Erindið var til umfjöllunar á síðasta fundi bæjarráðs Grindavíkur en gestir fundarins voru sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðs og sviðsstjóri frístunda- og menningar sviðs.

Bæjarráð Grindavíkur tekur undir þessar hugmyndir og felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.

Almannavarnir treystar og útlendingamál í góðum farveg

■ Dáist að samstöðunni og æðruleysinu hér á Suðurnesjum, segir Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra.

„Almannavarnir eru gríðarlega mikilvægar og það hefur reynt mikið á almannavarnarkerfið síðustu þrjú ár og þá sérstaklega síðustu tólf mánuði. Í erindi mínu á ársfundi sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lagði ég áherslu á almannavarnir og þetta samspil ríkis og sveitarfélaga í öllum vörnum, þá bæði almannavörnum og brunavörnum. Það reyndi mikið á slökkviliðin hér á svæðinu vegna gróðurelda sem komu í kjölfarið á eldgosum, þess vegna taldi ég nauðsynlegt síðasta vetur að fjölga um einn starfsmann almannavarna hér á svæðinu, verkefnið hér hafa verið það umfangsmikil. Ég var líka ánægð með að fá auknið fjárframlag til málaflokksins í heild sinni eða sem nemur 145 milljónum króna, það mun koma að góðum notum hér á Suðurnesjum,“a sagði Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra og fyrsti þingmaður Suðurlandshéraðs, í samtali við Víkurfréttir. Hún gerði almannavarnir að umtalsefni á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem fram fór í Fjölbrautaskóla Suðurnesja síðasta laugardag.

VF SUÐURNES

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



„Við gleymum því kannski að við búum á eldfjallaeyju og náttúran er svo sannarlega búin að vera minna á sig að undanförunu, ekki bara hér á Reykjanesi heldur um allt land. Við erum með margar eldstöðvar sem gætu tekið upp á því að hugsa sér til hreyfings. Ísland hefur alltaf búið við óblíð náttúruöfl en við erum von að takast á við það og við munum gera það áfram. Ég hef dáðst að samstöðunni og æðruleysinu hér á Suðurnesjum að undanförunu og þeirri miklu seiglu sem fólkið býr yfir. Við erum að sjá síendurtekna atburði þar sem litur út fyrir að eldgos sé í bakgarðinum hjá okkur en við tökumst á við þetta af ró og yfirvegum, við erum búin að gera allt sem við getum til að treysta almannavarnir, lögregluna og sveitarfélögin í þeim kerfum sem við þurfum og við vitum að þessi öryggiskerfi eru að grípa okkur.“

Þú minntist á í erindi þínu að aðstoðarmaður þinn hefði haft á orði að við sem búum utan höfuðborgarsvæðisins, tæklum hluti öðruvísi þegar eitthvað bjátar?

„Já, þegar Grindvíkingar þurftu að rýma bæinn sinn í fyrra þá

heimsótti ég fjöldahjálparstöðvarnar og samhfingarmiðstöðina í Reykjavík og líka í Reykjanesbæ. Í Reykjanesbæ tókum við eftir hve íbúar voru duglegir að koma með veitingar, föt, teppi og annað til að hlúa að viðbragðsaðilunum sem voru að hlúa að þeim sem þurftu að yfirgefa heimilin sín. Fólkið hér var að passa upp á að viðbragðsaðilarnir gætu örugglega sinnt sínu starfi, við sáum ekkert svona lagað í höfuðborginni. Ég var stolt af því sjá samheldnina hér í Reykjanesbæ.“



Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra og fyrsti þingmaður Suðurlandshéraðs



„Við höfum sömuleiðis séð stórukningu í frávisun á landamærunum, þar hefur lögreglan á Suðurnesjum staðið sig mjög vel. Síðast en ekki síst höfum við aðstoðað mun fleiri við að yfirgefa landið, einstaklinga sem hafa fengið synjun um dvöl í landinu og við höfum aðstoðað það fólk við að komast til síns heima, annað hvort í sjálfviljugri eða þvingaðri brottför.“

Lögreglan á Suðurnesjum staðið sig vel á landamærunum

Nú ertu með útlendingamálin á þinni könnu og þau snerta Suðurnes nokkuð sterkt í tengslum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hver er þín sýn á stöðu útlendingamála hér á þessu svæði?

„Ég hef verið með mjög skýra sýn síðan ég kom inn í dómsmálaráðuneytið, að aðlaga okkar löggjöf að löggjöfinni hjá nágrannabjóðum okkar, sérstaklega á norðurlöndunum. Við höfum verið með séríslenska málsmeðferðarreglu sem er öðruvísi en í löndum í kringum okkur sem gerir það að verkum að Ísland virkar aðeins eins og segull á flóttafólk og það gengur ekki að mínu mati fyrir litla þjóð eins og Ísland að vera með öðruvísi regluverk en aðrir. Þess vegna hef ég lagt mikla áherslu á afnema þessa séríslenska málsmeðferðarreglu. Ég er líka mjög ánægð með að ríkisstjórnin samþykkti heildarsýn í málefnum útlendinga þar sem markmiðin eru að fækka umsóknum um alþjóðlega vernd, hraða málsmeðferðartímanum og

líka að tryggja brottflutning þeirra sem ber að yfirgefa landið. Þessi lög voru samþykkt í júní og hafa strax skilað miklum árangri, við erum að sjá miklu færri umsóknir um alþjóðlega vernd m.v. sama tíma í fyrra. Við höfum sömuleiðis séð stórukningu í frávisun á landamærunum, þar hefur lögreglan á Suðurnesjum staðið sig mjög vel. Síðast en ekki síst höfum við aðstoðað mun fleiri við að yfirgefa landið, einstaklinga sem hafa fengið synjun um dvöl í landinu og við höfum aðstoðað það fólk við að komast til síns heima, annað hvort í sjálfviljugri eða þvingaðri brottför. Við erum að sjá árangur, kostnaður hefur lækkað, við erum að fækka búsetuúrræðum því fjöldinn minnkar hratt svo þessi mál horfa til betri vegar. Það hefur verið mikið álag á Reykjanesbæ, það mun minnka hratt á næstunni.“

Nú hefur þú rætt um húsnæði fyrir fólk sem kemur til landsins, að það sé ekki hægt að hleypa því strax inn í samfélagið áður en bakgrunnar þess sé skoðaður.

Hvar sérðu fyrir þér að þetta húsnæði verði staðsett?

„Það er óhjákvæmilegt annað en þetta húsnæði sé í nálægð við alþjóðaflugvöllinn. Í dag er þessi móttökumiðstöð á Barónsstíg í Reykjavík og það er óásættanlegt að mínu mati, að þetta fólk sé komið inn í miðbæ Reykjavíkur áður en við vitum mikil deili á þeim. Þess vegna hef ég talað fyrir því að greiningarmiðstöð sé við flugvöllinn og fólkið sem kemur sé ekki með fullt ferðaleyfi á meðan verið er að kanna bakgrunn þess. Ef þetta fólk er með tilhæfuleausar umsóknir sem við sjáum strax að verði ekki samþykktar, þá vil ég að við getum snúið þessu fólk frá landinu og þá er nauðsynlegt að vera í nálægð við flugvöllinn. Hvort sem byggt verði nýtt húsnæði í nálægð við flugvöllinn eða hægt er að nýta byggingar á Ásbrúarsvæðinu, það er bara útfærsluatriði en í mínum huga er mjög mikilvægt að þetta húsnæði sé við dyrnar að Íslandi, á Keflavíkurlugvelli,“ sagði Guðrún að lokum.

Frá Sandgerði til Búrkinna Fasó

■ Þúsund börn í skóla og mikil fátækt
■ Eiginmaðurinn sækir vatn í jörðu og leggur vatnslagnir í Afríku

„Frá því að ég var ung dreymdi mig alltaf um að komast í hjálparstarf í Afríku, við hjónin báðum fyrir því og stuttu síðar var ég komin í mína fyrstu ferð og hef ekki litið til baka síðan,“ segir Sandgerðingurinn Jóhanna Sólrún Norðfjörð en hún hefur búið á Akureyri síðan um aldamót og er í dag forstöðumaður, eða prestur, í Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Árið 2010 leiddi tal hennar og eiginmanns hennar, Haraldar Pálssonar, til þess að hún fór í sína fyrstu ferð til Afríku og síðan aðra ferð árið 2015 á vegum ABC barnahjálpar og hjónin tóku síðan við því starfi í fyrra. Starf þeirra í Afríku er lyginliktast, þau reka þar skólustarf og ekki nóg með það, Haraldur, sem er pípulagningameistari, hefur nýtt kunnáttu sína og reynslu í að gjörbylta aðstöðunni við skólann og ræktarlönd og hafa nú þúsundir fólks aðgang að vatni allan ársins hring.

Jóhanna hafði alltaf haft áhuga á kristinni trú og trúmálum og alltaf trúað á Jesú frá því að hún var lítil stelpa í Sandgerði. Hún og vinkonur hennar kynntust Halldóru Ottósdóttur sem stýrði starfi KFUM og KFUK (Kristilegt félag ungra manna og kvenna), fyrst í Sandgerði og síðar í Keflavík. Halldóra bauð vinkonunum heim til sín, það með þeim og kynnti þær fyrir Jesú og Biblíunni. Jóhanna komst á bragðið, tók í kjölfarið þátt í öllu kirkjustarfi sem börnum og unglingum stóð til boða og það gerði hún einnig áfram inn í fullorðinsárin og alltaf blundaði í henni sú þrá að taka þátt í hjálparstarfi en tók aðra stefnu í lífinu til að byrja með. Hún kynntist núverandi eiginmanni sínum, Harald Pálssyni, árið 1997. Þau komu

VF VIDTAL

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



bæði með börn inn í hjónabandið, hann með tvö og hún með þrjú, og saman eignuðust þau eitt, þannig að börnin eru sex talsins og barnabörnin orðin tíu.

Þau stofnuðu pípulagninga-fyrirtækið Áveitan ehf. í lok árs 1997 og hófu starfsemi á Suðurnesjum. Þegar verkefni kom upp í hendurnar á þeim norðan heiða ákváðu þau að vanda kvæði sínu í kross og fluttu til Akureyrar, þaðan sem Haraldur er. Fyrst átti dvölin bara að vera eitt sumar, Jóhanna samþykkti að prófa einn vetur og



Jóhanna Sólrún Norðfjörð og Haraldur maður hennar.

Heimamenn í knattspyrnubúningi Keflvíkinga sesm þeir fengu senda til Afríku.



”

... eftir breytingar hjá Hvítasunnukirkjunni hér á Akureyri var leitað var til mín um að taka við forstöðu og eftir að hafa leitað Guðs var ég vissi um að það var það rétta í stöðunni ...

á Akureyri er Sandgerðingurinn ennþá og unír hag sínum vel, hún er meira að segja farin að tala norðlensku eins og innfæddur Akureyringur.

Fann sig í Hvítasunnukirkjunni

„Frá árinu 2019 hef ég verið forstöðumaður, eða prestur, Hvítasunnukirkjunnar hér á Akureyri. Það er ekki skilyrði að hafa menntun úr guðfræðinni til að geta verið prestur í Hvítasunnukirkju en það þarf að hafa góða þekkingu á Biblíunni og auðvitað að trú á því að Jesús er Drottinn. Grundvallarkenningar kristinnar eru þær sömu í Þjóðkirkjunni og

Hvítasunnukirkjunni, sýnilegasti munurinn er í raun sá að Þjóðkirkjan er með barnaskír og fermingu en Hvítasunnukirkjan með barnablessun, unglíngablessun og niðurdýfingarskír. Jesús var skírður niðurdýfingarskír, þá fer allur líkaminn undir vatnið og við í Hvítasunnukirkjunni gerum eins og Jesús bauð okkur að gera. Við barnablessun tókum við barnið í fangið og blessum það og það hefur síðan val síðar á lífsleiðinni um hvort það vilji taka skír eða ekki. Ég ólst upp í Þjóðkirkjunni og var skírð og fermd þar en tók síðan niðurdýfingarskír í Hvítasunnukirkjunni árið 2008. Ég undi hag mínum vel innan Þjóð-





kirkjunnar en eftir að dóttir mín hafði kynnst starfi Hvítasunnukirkjunnar og fékk mig til að prófa að koma á samkomu, þá fann ég að ég var komin heim. Það er alveg sami boðskapur í kirkjunum, sami Guð, sami Jesú og sama Biblían, svo í raun trúum við því sama en segja má að Hvítasunnukirkjan tali meira um heilagan anda og kirkjan heitir þessu nafni, Hvítasunnukirkja, því Jesús úthellti heilögum anda á hvítasunnudegi. Það heillaði mig á sínum tíma að fá að heyra meira um heilagan anda og að geta sjálf tekið ákvörðun um skírn í vatni. Biblían talar um tvenns konar skírn, þ.e. skírn í vatni og skírn í heilögum anda. Ég skírðist í heilögum anda og tók niðurdyfingaskírn eins og tókast hjá

okkur og líður mjög vel með það. Fljótlega eftir það var ég komin vel inn í starf kirkjunnar og í stjórn. Ég hef alltaf tekið virkan þátt í félagsstarfi, hvort sem það viðkemur trú, kirkju eða bæjarmálum, og eftir breytingar hjá Hvítasunnukirkjunni hér á Akureyri var leitað var til mín um að taka við forstöðu og eftir að hafa leitað Guðs var ég vissi um að það var það rétta í stöðunni og hef sinnt því hlutverki frá árinu 2019 með góðum stuðningi eiginmannsins.“

ABC hjálparstarf

Frá því að Jóhanna var ung og heyrði frá kristniþóðum í KFUK af hjálparstarfi í Afríku, dreymdi hana alltaf um að geta látið gott



Haraldur hefur nýtt reynslu sína og kunnáttu sem pípulagningarmaður til að bora eftir vaxtni en stutt er niður á grunnvatn á svæðinu. Hér er hann að fylla á einn af nokkrum vatnstönkum við framhaldsskólann, sem inniheldur drykkjarvatn og vatn til handþvotta til að auka hreinlæti.



Starfsmaður ABC skólans sækir vatn við heimili sitt í brunn sem er sameiginlegur með nágrennum í einu af hverfunum.




Þegar skólinn var stofnaður í upphafi voru 98 börn skráð í skólann. Við erum að taka á móti nýjum börnum þessa dagana, 60 fjögurra ára gömul börn auk 153 eldri barna og eftir það verða börnin orðin rúmlega 1.200, frá fjögurra ára aldri upp í háskóla ...

af sér leiða þar. Hún og Haraldur fóru á Alfa-námskeið árið 2009 en fyrir þá sem ekki vita þá er Alfa-námskeið kennsla um Guð og kristna trú. Á námskeiðinu voru allir spurðir hvað þau hafi langað að verða þegar þau yrðu stór og hvað þau væru að gera í dag. Jóhanna sagði frá þessum draumi sínum um hjálparstarf í Afríku og starfaði dags daglega við bókhald. Á leiðinni heim af námskeiðinu spurði Haraldur konu sína nánar út í þennan draum.

„Ég sagði Hadda að þetta væri gamall draumur en hann yrði ekki að veruleika úr þessu. Haddi hélt nú ekki: „Ef Guð ætlar þér að fara til Afríku þá opnar hann þér leiðina þangað.“ sagði hann. Við báðum fyrir þessu þetta kvöld og það var ekki að sökum að spyrja, tveimur vikum seinna kom hópur nemenda úr Biblíuskóla í Reykjavík í heim-sókn og við buðum þeim heim til okkar í mat eftir að hafa átt stund með þeim í kirkjunni. Þau voru á leiðinni til Afríku eftir áramótin og við matarborðið spyr ein stúlkanna mig af hverju ég komi ekki bara með þeim til Afríku. Andlitid datt næstum af mér og ég spurði hvort ég gæti komið með og það var slegið þarna á staðnum. Þessi kvöldstund var haustið 2010 og í janúar 2011 fór ég með þeim til Kongó. Þremur árum síðar sá maðurinn minn auglýstan Biblíuskóla í Fljótshlíðinni, innifalinn var ferð til Búrkína Fasó í Afríku og hvatti hann mig til að skrá mig. Ég sagðist vera til í að fara í Biblíuskólann en sagði honum að ég væri ekki tilbúin til að fara aftur án hans til Afríku og vildi fá hann með mér. Þetta var ekki draumurinn hans og hann sagðist ekki ætla fara. Þá sagði ég honum að þar með væri ég ekki heldur að fara. Sumir gætu haldið fram að þar með hefði ég stillt honum



Jóhanna eignaðist nöfnu úti í Búrkína Fasó. Hér er hún með fallegu stúlkunni sem var nefnd í höfuðið á henni og fékk nafnið Jóhanna Judith. Myndir/Adam Ásgeir Óskarsson



upp við vegg en þetta var einfalt í mínum huga, ég var ekki að fara að starfa ein í hjálparstarfi í Afríku. Sannfæringakraftur minn var greinilega nægur og hann sagðist vera til í að fara þessa einu ferð en þar sá hann fljótlega að þarna gæti reynsla hans og þekking sem pípulagningameistari heldur betur komið að góðum notum.“

Búrkína Fasó

Búrkína Fasó er eitt fátækasta ríki heims. Það er í Vestur-Afríku, íbúar þess eru 22,6 milljónir og ölesi er með því hæsta sem gerist í heiminum. Landið var nýlenda Frakka en fékk sjálfstæði árið 1960 og í dag ríkir þar herstjórn. Í landinu eru töluð rúmlega sjötíu tungumál, franska varð opinbert mál á nýlendutímanum en hana tala eingöngu menntaðir íbúar.

ABC barnahjálpar hefur rekið skólann Ecole ABC de Bobo í borginni Bobo-Dioulasso, sem er næststærsta borg landsins en þar búa nú um ein og hálf milljón íbúa. Skólinn var stofnaður árið 2008 af hjónunum Hinriki Þorsteinssyni og Guðný Ragnhildi Jónasdóttur, að beiðni Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur sem stofnaði ABC barnahjálpar á Íslandi. Jóhanna og Haraldur tóku svo við rekstri skólans í fyrra.

„Skólinn er rekin í góðu samstarfi við öflugt foreldrafélag og þar starfa góðir kennarar sem hafa einn af öðrum verið að bæta við menntun sína. Þegar skólinn var stofnaður í upphafi voru 98 börn skráð í skólann. Við erum að taka á móti nýjum börnum þessa dagana, 60 fjögurra ára gömul börn auk 153 eldri barna og eftir það verða börnin orðin rúmlega 1.200, frá fjögurra ára aldri upp í háskóla,“ segir Jóhanna.

Borað eftir vatni í Afríku

Ekki nóg með að hjónin reki barnaskóla á staðnum, Haraldur hefur nýtt reynslu sína og kunnáttu sem pípulagningarmaður.

„Það virtist vera frekar stutt niður á grunnvatn þarna svo Haddi sá að það væri góður möguleiki að ná í vatn og dreifa því á ræktunarsvæðin. Hann fylltist eldmóði fyrir verkefninu og frá þessari fyrstu ferð í febrúar árið 2015 er hann núna búinn að fara margar ferðir til Búrkína Fasó og ferðirnar eiga eftir að verða fleiri, við erum bara rétt byrjuð. Landið er auðugt af vatni, það er þarna skammt undir yfirborðinu en það skorti á þekkingu til að sækja það og heimamenn höfðu heldur ekki tækni né fjármagn til þess. Við hófumst handa við að leggja áveitu- og neysluvatnslagnir og skapa þannig betri hreinlætisastöðu fyrir skólabörnin og tækifæri á að koma upp ræktunarlendi sem gefur af sér allt árið. Vatnsveituverkefnið skiptir mjög miklu máli fyrir samfélagið, enda þætti mörgum Íslendingum furðulegt að hafa ekki aðgang að vatni svo mánuðum skipti. Það breytir öllu varðandi skólalastarfið, bæði varðandi hreinlæti og ræktun á mat, að geta haft aðgang að vatni alla daga og allan sólarhringinn,“ sagði Jóhanna að lokum en ítarlega viðtal við hana mun birtast á Vef Veturfréttanna, www.vf.is



Jóhanna og Haraldur eru úti í Búrkína Fasó þessa dagana. Hérna eru þau ásamt samstarfsfólki, við hlið Jóhönnu er Þórey Edda Vilhelmsdóttir sem fór með núna í fyrsta sinn, Haraldur Pálsson, eiginmaður Jóhönnu, og Adam Ásgeir Óskarsson, fyrrverandi tölvukennari við Verkmenntaskólann á Akureyri. Í heildina verða þau úti í fimm vikur í þessari ferð.

Verðum að vera viðbúin því að næsta gos verði kröftugra en fyrri gos

Eldgosið norðaustur af Stóra-Skógfelli sem hófst 22. ágúst og stóð í hálfan mánuð. VF/Isak Finnbogason

„Ekkert í gögnum Veðurstofu Íslands bendir til þess að atburðarrásinni sé að ljúka. Á meðan kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi verðum við að búast við nýju kvikuhlaupi og jafnvel eldgosi á Sundhnúks-gígaröðinni,“ sagði Bergrún Anna Óladóttir, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, á íbúafundi í Vogum sem haldinn var í síðustu viku.

NÁTTÚRUVÁ

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Stóra sviðsmyndin sem horft er á hjá Veðurstofu Íslands er að á meðan kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi þarf að búast við nýju kvikuhlaupi og jafnvel eldgosi á Sundhnúks-gígaröðinni. Erfitt er að fullyrða hvaða sviðsmyndir eru líklegastar, hvort að gjósi næst norðan megin eða sunnan megin á gígaröðinni. Bergrún sagði að við verðum að vera viðbúin því að næsta gos verði kröftugra en fyrri gos. Mikilvægt sé að íhuga mótvægisáðgerðir í tengslum við áhrifamestu sviðsmyndir.

Gasmengun helsta ógnin

Það er einna helst gasmengun sem þarf að hafa áhyggjur af í Sveitarfélaginu Vogum. Sterkur upphafsfasí á eldgosi í samspieli við óhagstæða vindátt getur valdið verulegri gasmengun í Vogum. Veðurstofan telur ekki hættu á að kvikugangur geti náð undir byggð í Vogum og þá þarf mikið hraunrennsli áður en hraun ógna mannvirkjum í Vogum.

Síðasta eldgos á Sundhnúks-gígaröðinni er stærsta gosið í þessari goslotu. Það var jafnframt þriðja lengsta gosið af þeim sex sem hafa orðið á gígaröðinni og stóð í fjórtán sólarhringa. Kvikusöfnun er hafin að nýju á svipuðum hraða og áður. Erfitt er að segja til um tímasetningu næsta atburðar. Gosin eru að stækka og hraði á flæði í upphafi gosa hefur aukist þar sem meira hraun er að koma upp. Kraftur

upphafsfasa eldgosanna, þ.e. hraði á útstreymi kviku fyrstu 6 klukkustundirnar, hefur vaxið með hverju gosi. Heildarmagn kviku sem kemur upp, þ.e. rúmmál hrauns, er líka að aukast.

Gossagan geymir dæmi um gosopnanir lengra í norðaustur

Bergrún sagði á fundinum að gossagan geymir dæmi um gosopnanir lengra í norðaustur á Sundhnúks-gígaröðinni en kvikugangurinn sem myndaðist í síðasta gosi fór norðar en í fyrri gosum. Eins og staðan er metin í dag eru þrjár sviðsmyndir í gildi varðandi mögulega staðsetningu á næsta eldgosi og allar þrjár sviðsmyndirnar eru taldar jafn líklegar.

Fyrsta sviðsmyndin gerir ráð fyrir eldgosi sunnan við Sundhnúk, við Hagafell eða suður af Hagafelli. Staðsetningin er svipuð og í eldgosi sem hófst 14. janúar. Þar varð gossprungan lengst einn og hálfur kílómetri en virknin dróst saman á gíga við varnargarð norðan Grindavíkur.

Önnur sviðsmyndin sem horft er til er eldgos milli Sundhnúks og Stóra-Skógfells. Staðsetningin er svipuð og í eldgosum sem hófust 18. desember 2023, 8. febrúar, 16. mars og 29. maí 2024. Þessar gossprungur voru tveir til fimm kílómetrar en virknin dróst svo saman á gíga við Sundhnúk.

Þriðja sviðsmyndin sem horft er til er eldgos norðaustan við Stóra-Skógfelli, á svipuðum stað og eldgosið sem hófst 22. ágúst. Þar varð gossprungan lengst um sex kílómetrar en virknin dróst saman í gíg norðaustan við Stóra-Skógfelli.

Bergrún fór á íbúafundinum yfir hættu og möguleg áhrif í og við Voga þegar horft er til eldgoss norðaustan við Stóra-Skógfelli. Þar var gasmengun efst á blaði, þá gjóska og gosmóða, sprungumyndanir og síðast hraunrennsli.

Sterkur upphafsfasí á eldgosi í samspieli við óhagstæða vindátt getur valdið verulegri gasmengun í Vogum. Skyggni gæti orðið takmarkað vegna áhrifa frá gróðureldum og gosmóðu. Bergrún sagði mælda gasmengun frá fyrri atburðum gefa viðmið um mögulega mengun frá gosstöðvunum en í allt að 20 km. radíus frá upptökum eldgoss hefur mælst gasmengun sem er óholl fyrir viðkvæma.

Gjóska sem kemur upp úr gosi með sterkan upphafsfasa austan við Litla-Skógfelli getur valdið gjóskufalli sem hefur áhrif á umferðaröryggi, umhverfi og mannvirki. Ef hraunið rennur í t.a.m. Snorrastaðatjarnir gæti sprengivirki myndast. Þá geta nornahár, sem hafa myndast í eldgosunum borist langt frá upptökum eldgossins. Bergrún sagði m.a. frá mynd sem tekin var í Vogum og sýndi mikið magn nornahára í þakrennu.

Ekki reiknað með að kvikugangur nái undir Voga líkt og gerðist í Grindavík

Í þeim sviðsmyndum sem horft er til núna er ekki reiknað með að kvikugangur nái undir Voga líkt og gerðist í Grindavík 10. nóvember 2023 og 14. janúar 2024.

„Við þurfum að vera viðbúin því að næsti kvikugangur geti valdið hreyfingum á sprungum nærri



Bergrún Anna Óladóttir, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Reykjanesbraut. Slíkur gangur gæti einnig haft áhrif á gæði vatns í nærliggjandi vatnsbólum,“ sagði Bergrún á fundinum. Hún sagði frá því að þegar horft er til jarðskjálftavirkni síðustu tveggja ára má sjá að upptök jarðskjálfta eru ekki undir Vogum. Hins vegar þarf að reikna með því að íbúar í Vogum muni finna fyrir stærstu skjálftunum sem verða í aðdraganda næsta goss.

Íbúar í Vogum hafa áhyggjur af mögulegu hraunrennsli en fram kom í máli Bergrúnar að sigdalar í núverandi landslagi sunnan Voga geta tekið við miklu magni af hrauni. Þannig myndar hæð við Reykjanesbraut náttúrulega vörn en hæðarmunur í landslagi þar er allt að fimmtán metrar.

Veðurstofa Íslands vinnur með hermanir á hraunrennsli. Útbúið var hraunflæðilíkan miðað við að gos hæfist norðaustan við Stóra-Skógfelli. Það sýnir að hraun mun að mestu renna undan halla í átt að Reykjanesbraut, sem og að raf-linum og vatnsbólum. Á fundinum voru sýnd líkön með magni upp á 1,7 og sjöfalda stærð síðasta eldgoss miðað við að þau kæmu upp á sama stað og síðast. Hvorugt þessara hrauna ná yfir Reykjanesbrautina.

Einnig var sýnt samskonar dæmi með opnun aðeins norðaustar. Þar kom fram að mjög mikið magn af hrauni þarf til þess að hraunbreiðan nái að Vogum. Þá var á það bent að eftir hvert gos breytist landslagið og því þarf að gera nýjar hraunhermanir reglulega.

Efnabreytingar geta orðið í vatni

Áhrif eldgoss á grunn- og yfirborðsvatn voru kynnt. Þar kom fram að kvikugangur, hraunrennsli, gjóskufall og sprungumyndanir geta haft áhrif á efnasamsetningu grunn- og yfirborðsvatns. Nálægð við upptök eldsumbrota gegnir lyk-ihlutverki í umfangi efnabreytinga í vatni. Stöðugt eftirlit, vöktun og greining er því nauðsynleg til að hafa yfirsýn yfir möguleg áhrif á viðkomandi svæðum.

Nú er unnið að nýrri framsetningu á hættumatskortum sem Veðurstofa Íslands birtir reglulega í tengslum við náttúruvá á Reykjaneskaganum. Í nýrri framsetningu, þar sem Vogum er bætt við, verður lagt mat á hættu innan svæðanna reglulega. Í drögum sem sýnd voru kom fram að gasmengun er líklegust til að hafa áhrif á Voga.

Viðbúin því að næsta gos verði kröftugra en fyrri gos

Stóra sviðsmyndin sem horft er á hjá Veðurstofu Íslands er að á meðan kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi þarf að búast við nýju kvikuhlaupi og jafnvel eldgosi á Sundhnúks-gígaröðinni. Erfitt er að fullyrða hvaða sviðsmyndir eru líklegastar, hvort að gjósi næst norðan megin eða sunnan megin á gígaröðinni. Bergrún sagði að við verðum að vera viðbúin því að næsta gos verði kröftugra en fyrri gos. Mikilvægt sé að íhuga mótvægisáðgerðir í tengslum við áhrifamestu sviðsmyndir.



Horft ofan af Vogastapa og til Voga. Vogavík fremst á myndinni. VF/Hilmar Bragi Bárðarson



Skoða varnargarða við Reykjanesbraut og Vogu

Innviðahópur almannavarna er með varnargarða við Reykjanesbraut og Vogu til skoðunar. Möguleikar á að leiða hraun til sjávar eða setja upp varnarveggi hafa verið skoðaðir. Engar ákvarðanir hafa verið teknar. Þetta kom fram á íbúafundi í Sveitarfélaginu Vogum á fimmtudagskvöld í síðustu viku.

Ari Guðmundsson, verkfræðingur hjá Verkís verkfræðistofu, á sæti í innviðahópnum og hann sagði á fundinum að horft hafi verið á möguleikann á að hraun geti runnið yfir Reykjanesbraut allt frá árinu 2021, þegar fyrsta eldgosid í Fagradalsfjalli hófst. Varnir við Reykjanesbraut hafi verið skoðaðar samhliða vörnum við bæði Grindavík og Svartsengi.

„Við skoðuðum líka varnir hér á þessu svæði. Þá lögðum við grunnlínur um varnir hér við Vogu og sáum að við höfðum tíma til að koma upp slíkum vörnum því það tæki tíma að fylla þessa rýmd þarna fyrir innan og á þeim tímapunkti gætum við sett upp varnir ef það væri þörf á því. Þar sem undirgöngin (undir Reykjanesbraut) eru er þessi megin rennlislína. Árið 2021 vorum við að horfa á það að hleypa hrauninu til sjávar. Núna erum við að skoða virði þess að hafa Reykjanesbrautina í gangi og erum þá að skoða mögulegar varnir fyrir ofan Reykjanesbrautina,“ sagði Ari á fundinum.

Ari segir engar ákvarðanir hafa verið teknar. Verið er að skoða málið í innviðahóp almannavarna hvaða áhrif þetta hefur. „Þetta eru



aðeins erfiðari varnir en leiðigarðarnir í Grindavík og Svartsengi þar sem við erum að leiða hraunið í ákveðnar stefnur en herna yrðum við að vera með stíflu. Það gefur auga leið að það er takmörkuð lausn þar til hraunið verður það mikið að það fer yfir. Það getur verið lausn til ákveðins tíma og mögulega hættir hraunrennslid á þeim tíma,“ sagði Ari.

Fram kom að varnargarðar hafa verið forhannaðir við Vogu, sjávarmegin við Reykjanesbrautina. „Við höfum verið að skoða hversu stórir þessir garðar yrðu. Þeir yrðu ekkert mjög háir. Við erum að horfa til þess að við eigum tíma til

að byggja þá. Árið 2021 vorum við með línu við byggðina og í kringum iðnaðarsvæðið vestan við bæinn. Það eru ekki það umfangsmiklar framkvæmdir að við sjáum að við getum farið í þær eftir að við sjáum hraunrennslu byrja. Við erum líka að skoða varnir við Reykjanesbrautina og meta valkosti, hvað væri heppilegast og hversu stórar varnir það yrðu,“ sagði Ari Guðmundsson verkfræðingur í svari við fyrirspurnum á fundinum.



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is

Ungmenni vikunnar:

Nafn: Bjarni Dagur Jónsson.

Aldur: 15 ára.

Bekkur og skóli: 10. bekkur Gerðaskóla.

Áhugamál: Fótbolti og vera með vinum.



Hjálpsamur fótboltaþegar

Bjarni Dagur Jónsson er fimmtán ára nemandi í tíunda bekk Gerðaskóla. Hann æfir fótbolta og ætlar í FS. Bjarni er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Íþróttir.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Bartosz Porzezinski, atvinnumaður í körfubolta.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Ekkert sem mér dettur í hug annað en að fara á Reyki með bekknum.

Hver er fyndnastur í skólanum? Ögmundur Ásgeir og Bartosz Porzezinski.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? White Ferrari með Frank Ocean.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Beikonpasta.

Hver er uppáhaldsbímyndin þín? Die Hard 1.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Sög til þess að saga niður tré. Kveikjara til þess að búa til eld og veiðistöng til þess að veiða fisk.

Hver er þinn helsti kostur? Ég er fljótur að kynna fólk og er stemningsmaður.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Ósýnileiki.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Hjálpssemi.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Fara í FS.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir? Ég æfi fótbolta.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði, hvaða orð væri það? Fjörugur.

NÝBURAR

Á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fæddist stúlka 23. september kl. 22:34. Þyngd: 2796 grömm. Lengd: 46,5 sentimetrar. Foreldrar: Sunmi Park og Le Van Tuan. Ljósmóðir: Katrín Helga Steinþórsdóttir. Nemi: Mekkin Silfá Karlsdóttir.



Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður VSFK og Hörður Guðbrandsson, formaður VLGRV undirrituðu viljayfirlýsingu stjórnanna um viðræður til sameiningar félaganna.

Vinna að sameiningu verkalýðsfélaga Keflavíkur og Grindavíkur

Formenn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðsfélags Grindavíkur undirrituðu nýlega viljayfirlýsingu um sameiningu.

Undanfarna mánuði hafa farið fram viðræður milli stjórnna félaganna um mögulega sameiningu. Í síðustu viku var viljayfirlýsing undirrituð um að hefja formlegar viðræður um sameiningu félaganna.

Í henni stendur að viðræðurnar snúist um að kanna hvort og hvernig best sé að sameina félögin til að tryggja enn betri þjónustu við félagsmenn og til að styrkja félögin enn frekar. Stefnit er að því að viðræðum sé lokið fyrir áramót.

Einnig hvetja stjórnir félaganna verkalýðsfélagið í Sandgerði til þátttöku í viðræðunum.

Þétting byggðar í Bræðraborgarlandi kynnt

Ný tillaga landeigna hefur verið lögð fram hjá framkvæmda- og skipulagsráði Suðurnesjabæjar með fyrri fyrirspurn um heimild til breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna þéttingu íbúðabyggðar á landi Bræðraborgar í Garði.

Málið var síðast á dagskrá á fundi ráðsins 22. júlí sl. Ráðið

samþykkir að heimila breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags á landi Bræðraborgar og að gerð verði verkefnislýsing með fyrirvara um skipulagsvinnan sé Suðurnesjabæ að kostnaðarlausu.

Sú tillaga sem lögð var fram á fundi ráðsins er í samræmi við þær ábendingar og skoðanir sem hafa komið fram á fyrri fundum ráðsins.

Bílgeymsla verði breytt í íbúðir

Eigandi Skiphóls, Skagabrautar 64 í Garði, hefur lagt fram fyrirspurn um hvort heimilad yrði að breyta bílgeymslu að Skagabraut 64 í tvær litlar íbúðir í tengslum við rekstur þeirrar gististarfssemi sem sömu aðilar reka á svæðinu.

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar tekur jákvætt í erindið og samþykkir með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda. Jafnframt er umsækjanda gerð grein fyrir að ekki verði heimilud ný bílgeymsla á lóðinni verði núverandi bílgeymslu breytt í íbúðarnot.

Purfa stærra eldhús á Nesvöllum

Í ljósi þess að fyrirhugað er að framkvæmdum við stækkun á hjúkrunarheimilinu við Nesvelli ljúki á næsta ári sem og sameiningar dagdvala, er þörf á stækkun á núverandi framleiðslueldhúsi.

Núverandi aðstaða er nú þegar og verður of lítil til að þjóna þeim þörfum sem atlast er til þegar nýtt hjúkrunarheimili opnar og sameining dagdvala verður að veruleika. Stjórn Eignasjóðs Reykjanesbæjar samþykkti á síðasta fundi sínum að málið verði unnið áfram af starfsmönnum eignaumsýslu.

Húsfyllir þegar keflvískar æskusögur voru sagðar á Garðskaga



Gestir hlustuðu á æskusögur þremningana úr Keflavík. Öll erindin voru tekin upp og má sjá í heild með því að smella á myndskaiðs borðann hér að ofan.

Húsfyllir var á Sagnastund á Garðskaga síðasta laugardag þar sem þrjú Keflvíkingar mættu og sögðu sögur frá bernskuárum sínum í Keflavík upp úr miðri síðustu öld.

Það voru þau Eiríkur Hermannsson, Helga Margrét Guðmundsdóttir og Jónas Ragnarsson sem sögðu sögur frá uppvaxtarárum sínum í Keflavík. Í spilaranum hér að ofan má sjá upptöku frá viðburðinum síðasta laugardag og heyrja áhugaverðar sögur þeirra af uppvaxtarárunum.

Sagnastund á Garðskaga er viðburður sem haldinn er einu sinni í mánuði í veitingahúsinu Röstinni á efri hæð Byggðasafnsins á Garðskaga. Það eru æskufélagarnir Bárður Bragason og Hörður Gíslason sem standa að viðburðinum í samstarfi við veitinga-

staðinn. Aðgangur er ókeypis og gestir eiga góða stund saman eitt laugardagssíðdegi á Garðskaga.

Framundan er áhugaverður vetur en dagskrá vetrarins er að mótast hjá þeim Bárði og Herði.



„FRAMLAG SKÓLASAMFÉLAGA OG UPPBYGGINGARSJÓÐS Á SUÐURNESJUM ÓMETANLEGT“

■ Barna- og menntamálaráðherra hefur opnað Málhljóðavaktina - Lærum og leikum með hljóðin.

Um er að ræða fyrsta og eina alíslenska forritið á sviði framburðar íslensku málhljóðanna og hljóðkerfivitundar til undirbúnings læsi. Fjöldi íslenskra tón-tækni-, teiknara og myndlistarmanna kom að gerð efnisins.

Efnið kom upphaflega út árið 2013 en hefur nú verið endurgert frá grunni með nýjum leikjum og er nú opið á öll tæki. Með nýrri tækni; veflausn fyrir ÖLL snjalltæki og tölvur, er forritið þar með opið öllum einstaklingum sem eru að læra íslensku og kennir þeim að bera íslensku málhljóðin rétt fram. Það er ókeypis fyrir alla!

Innihald Lærum og leikum með hljóðin byggir á viðurkenndum rannsóknum um máltöku og málþróun íslenskra barna og árangur í undirbúningsfærni fyrir læsi.

Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur er höfundur efnisins.

„Ég er afar þakklát fyrir þann stuðning sem skólasamfélag á Suðurnesjum hafa sýnt verkefninu um árabil.

Samvinnan hefur verið ómetanleg. Auk þess hefur Uppbyggingsráðgjafi Suðurnesja stutt vel fjárhagslega við verkefnið, auk framlags okkar hjóna“ segir Bryndís.

Markmiðið með Lærum og leikum með hljóðin er að stuðla að snemmtækri íhlutun í gagnvirku leikjaformi þar sem grunnþættir íslenskunnar eru þjálfaðir, skref fyrir skref, í átt að læsi. Með þessu gagnvirka forriti sem bætir tungumálagetu og framburð er mögulegt að bæta lífsgæði einstaklinga. Hver kannast ekki við athyglina sem dregst að þeim sem segja fak í staðinn fyrir þak, lóla í staðinn fyrir róla, gó í staðinn fyrir skó o.s.frv.


Það er mikill ávinningur að hlúa að íslenskunni strax frá unga aldri.

Samfélagsleg áhrif máltækni eru víðtæk. Sérstaklega með áherslu á leik og þjálfun málhljóðanna frá unga aldri. Þau stuðla að betri félagslegri líðan, betri möguleikum til náms og geta dregið úr kostnaði við talkennslu, sérkennslu, túlkabjónustu og önnur úrræði.

Bryndís Guðmundsdóttir, höfundur Lærum og leikum með hljóðin, er frumkvöðull í útgáfu barna- og þjálfunarefnis fyrir barnafjölskyldur og skóla. Áhersla er lögð á að grunnfærni í íslensku frá unga aldri stuðlar að jöfnuði allra barna. Bryndís hlaut barnabókarverðlaun Menntaráðs Reykjavíkurborgar árið 2008 fyrir bók sína, Einstök mamma; falleg saga stúlku sem á heyrnarlausu móður. Bryndís var sæmd heiðurskrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2021 fyrir störf sín.

Nýja veflausnin er unnin í samstarfi við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík og Therapy Box; fyrirtækis sem hefur sérhæft sig í útgáfu forrita fyrir einstaklinga með erfiðleika í máli og tjáningu. Hjallastefnuskólar um allt land forprófuðu veflausnina. Fagaðilar á Reykjanesi voru þar í forystu.

Skólar og fjölskyldur forritið frítt inn á laerumog-leikum.is





GRÍÐARLEG VONBRIGÐI



Keflvíkingar þurfa að biða lengur eftir sæti í efstu deild

Úrslitaleikur Keflavíkur og Aftureldingar í umspili Lengjudeildar karla í knattspyrnu fór fram á Laugardalsvelli síðastliðinn laugardag við frábærar aðstæður. Leiknum lauk með eins marks sigri Mosfellinga sem fyrir vikið tryggðu sér sæti í efstu deild að ári en Keflvíkingar sitja eftir með sárt ennið.

Það var búið að gera mikið úr viðburðinum og stuðningsmenn Keflavíkur fjölmenntu í Laugardalinn, fyrst í félagsheimili Þróttar þar sem Keflvíkingar undirbjuggu sig fyrir átökin í stúkunni.

Keflavík - Afturelding (0:1)

Afturelding byrjaði leikinn af krafti og það tók smá tíma fyrir Keflvíkinga að vinna sig inn í leikinn.

Eftir því sem leið á fór Keflavík að sækja framár á völinn og ná betri tókum á leiknum. Keflvíkingar áttu nokkrar álitlegar sóknir en vantaði herslumuninn til að brjóta þetta vörn Mosfellinga á bak aftur.

Besta færið í fyrri hálfleik átti Ásgeir Helgi Orrason þegar hann náði góðu skoti úr teignum en markvörður Aftureldingar sá við honum og varði glæsilega.



Ásgeir Helgi Orrason var hársbreidd frá því að koma Keflavík yfir en Jökull Andrésson varði glæsilega. VF/JPK



Silfur í Macau

■ Sigurður Guðmundsson næstbesti kylfingur í heimi í sínum flokki

Kylfingurinn Sigurður Guðmundsson úr Suðurnesjabæ keppti á einu sterkasta golfmóti fatlaðra í heiminum í Macau í síðustu viku og náði frábærum árangri þar sem hann hafnaði í öðru sæti í sínum flokki.

Keppendur í mótinu komu víðsvegar að, m.a. frá Finnlandi, Svíþjóð, Ástralíu, Bandaríkjunum, Hong Kong og auðvitað Íslandi. Alls voru fimmtán keppendur í sama flokki og Sigurður en Siggí sló þeim flestum við þegar hann lék hringina tvo á 163 höggum (80 og 83 högg).



Siggí og Viðir Tómasson, þjálfarinn hans, flaggja silfurmedalíunni eftir verðlaunaafhendinguna.

Þá gerði Kári Sigfússon vel og var hársbreidd að komast alla leið þegar Keflavík komst í skyndisókn en hann var aðeins of lengi að athafna sig á lokametrunum og Mosfellingum tókst að bægja hættunni frá.

Keflvíkingar urðu fyrir áfalli þegar einn besti maður liðsins, Sami Kamel, fór meiddur af velli skömmu fyrir leikhlé en það virtist þó ekki hafa áhrif á leik liðsins sem var sterkari aðilinn í seinni hálfleik.

Eina mark leiksins kom tólf mínútum fyrir lok venjulegs leiktíma þegar Mosfellingar sóttu, Arnór Gauti Ragnarsson náði skoti sem Ásgeir Orri Magnússon varði vel en Sigurpáll Melberg Pálsson náði frákastinu og stýrði boltanum í netið (78').

Keflvíkingar reyndu allt til að jafna metin og voru ágengir við mark Aftureldingar en vörn þeirra hélt út og sigurinn féll þeim í skaut.



„Við vorum ofan á í leiknum“

MYNDSKEIÐ
I RAFRÆNNI ÚTGÁFU VIKURFRÉTTA

„Mér fannst við gefa allt í leikinn. Við vorum ofan á í leiknum, komumst í margar mjög finar stöður en náum ekki að búa til

þetta dauðafæri og það er ljótt að segja en mér fannst við vera betri í leiknum – en það eru oft þessi litlu móment í leiknum. Það fellur einn bolti fyrir þá, eitthvað frákast eftir skot, og það vinnur leikinn,“ sagði Sindri Snær Magnússon. „Ósanngjarnt að mínu mati en stundum taparðu þrátt fyrir að leggja þig allan fram og það gerðist því miður í dag.“

Sindri sagði að tölfræðin seinni hluta mótsins sýndi að Keflavík væri með sterkasta liðið en að lokum réðust úrslitin í þessum eina leik.

„En ég meina, þetta er bara ógeðslega súrt. Spilamennskan í seinni umferðinni, við vorum náttúrulega langbesta liðið seinni hluta mótsins – en það er ekki nóg að vera bara góður í ellefu leiki, annars værum við komnir í efstu deild,“ sagði Sindri og bætti við að Keflavík ætli í Bestu deildina 2026.

„Ótrúlega svekkjandi“

„Maður er bara hálfdofinn eftir þetta,“ sagði Hólmur Örn Rúnarsson, aðstoðarþjálfari Keflvíkinga, í viðtali við Víkurfréttir skömmu eftir leik.

„Þeir byrjuðu aðeins betur án þess að skapa sér eitthvað og svo komumst við betur inn um miðbik fyrri hálfleiks og fengum allavega einn helvíti góðan séns sem að hann varði vel frá okkur. Svo fannst mér við vera með smá yfirhönd í seinni hálfleik án þess að skapa okkur einhver alvöru færi, við fengum hornspyrnur og aukaspyrnur – við náðum bara ekki að þjarma nógu vel að þeim.“



MYNDSKEIÐ
I RAFRÆNNI ÚTGÁFU VIKURFRÉTTA

Bói sagði að næsta verk væri að huga að leikmannamálum og koma sterkari til baka á næsta ári.

Góður árangur á fyrsta móti vetrarins



Sundfólk úr ÍRB keppti á haustmóti Ármanns um helgina. Góður árangur náðist í hinum ýmsu keppnisgreinum og stórar bætingar komu í þónokkrum sundum. Þrír elstu flokkarnir fóru til keppni á mótið og aldursflokkurinn tíu ára og yngri gerði sér lítið fyrir og bætti tíu ára gamalt innanfélagsmet í blönduðu 4x50 metra skriðsundi. Greinilega efnilegir sundmenn framtíðarinnar. Sveitan skipuðu þau Kristinn Freyr Guðmundsson, Franciszek Adam Czachorowski, Svan Run Imsland og Dea Nikolla.

VF ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



SMÁUGLÝSINGAR



Vestmannaeyjar

Einbýlishús í Vestmannaeyjum til sölu. Verð 58,5 m.kr. Verð á fermetra er 269 þús.kr.

Nánari upplýsingar í síma 840 5540.

Körfuboltinn byrjaður að skoppa

Sumir vilja meina að Suðurnesin séu vagma körfuboltans en alla vega má halda því fram fullum fetum að ekki skorti á áhugann á íþróttinni á svæðinu. Úrvalsdeild kvenna hófst í gærkvöldi (þriðjudagskvöld) með grannslag Njarðvíkur og Grindavíkur og var um kveðjuleik að ræða í Ljónagryfjunni. Karlarnir hefja svo leik á fimmtudagskvöldið.

Segja má að keppnistímabilið hafi hafist með formlegum hætti síðasta laugardag þegar keppt var um meistara meistaranna. Þá mættust kvennamegin titilhafar allra titla á síðasta tímabili hjá konunum, Keflavík, og Þórskonur frá Akureyri en þessi lið mættust

í úrslitaleik bikarsins á síðasta tímabili. Öllum að óvörum unnu Þórskonur nokkuð sanngjarnan sigur en hafa ber í huga að það vantaði Kana Keflvíkinga auk þess sem ekki er vitað þegar þessi orð eru skrifuð, hvort búið sé að finna Evrópuleikmann.

Keflavíkurkarlarnir héldu heiðri keflvískra íþróttanna þennan daginn á lofti, unnu öruggan sigur á Íslandsmeisturum Vals.



KÖRFUKNATTLEIKUR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Mynd/Ingibergur Þór

Sami metnaður kvennamegin og karlamegin hjá Grindavík

„Síðasta tímabil var vonbrigði og við ætlum okkur að gera betur á þessu tímabili,“ segir þjálfari kvennaliðs UMFG í Bónusdeild kvenna í körfuknattleik, Þorleifur Ólafsson. Lalli, eins og hann er kallaður, er að hefja sitt fjórða tímabil með liðið sem hefur vaxið ásmegin allar götur síðan það komst upp í úrvalsdeild árið 2021 en eftir það tók hann við. Í fyrra komst liðið í undanúrslit í bæði bikarum og í Íslandsmótinu en var óvænt slegið út í bikarum af Þór frá Akureyri og 0-3 tap gegn Njarðvík í undanúrslitum Íslandsmótsins varð staðreynd.

Talsverðar breytingar eru á leikmannahópnum fyrir komandi tímabil.

„Leikmannahópurinn okkar breytist talsvert. Danielle Rodriguez sem fékk íslenskan ríkisborgararétt á síðasta tímabili ákvað að spila í Evrópu, Alexandra Sverrisdóttir gekk til liðs við Val, Hekla Eik Nökkvadóttir er komin til Bandaríkjanna í háskólaboltann og Dagný Lís Davíðsdóttir ætlar að taka sér fri frá boltanum á þessu tímabili vegna anna í vinnu. Við verðum með nýja erlenda leikmenn, fáum hina dönsku Sofie Tryggvadóttir í stað löndu hennar, Söruh Mortensen, fáum Katarzyna Trzeciak sem er pólsk og lék með Stjórnunni í fyrra, og Alex Morris kemur frá Bandaríkjunum. Ég bind miklar vonir við þessa erlendu leikmenn og þar fyrir utan fengum við öflugan liðsstyrk í þeim Ísabellu Sigurðardóttur sem lék með Njarðvík í fyrra, Sóllilju Bjarnadóttur sem hefur m.a. leikið sem atvinnumaður í Svíþjóð, og Ragnheiði Björk Einarsdóttur sem lék í fyrra með Breiðabliki og Haukum.“

SKEMMTILEG DEILD FRAMUNDAN

Lalli er ánægður með metnaðinn sem er kominn í kvennaboltann.

„Það eru mörg lið sem ætla sér stóra hluti og gaman að sjá metnaðinn sem er kominn í kvennakörfuna. Auðvitað kemur Keflavík fljótt upp í hugann, þær unnu allt

sem var í boði á síðasta tímabili og litlar breytingar hafa orðið á leikmannahópi þeirra og þær fengu Kana sem var valin í WNBA nýliðavalinu. Þótt Sverrir Þór hætti með liðið þá er enginn aukvissi sem tekur við af honum, ég hlakka til að mæta Friðriki Inga í vetur. Önnur lið eins og Haukar og Valur hafa styrkt sig og Þór frá Akureyri voru sterkar í fyrra, Stjarnan kom skemmtilega á óvart í úrslitakeppinni, þessi lið ætla sér örugglega að byggja ofan á flottan árangur í fyrra. Njarðvíkurkonur verða sterkar með Einar Árna sem þjálfara og það verður gaman að sjá hvernig nýliðunum reiðir af, Ápena með Brynjar Karl í brúnni mun eflaust vekja athygli svo ég held að við getum átt von á skemmtilegu móti.

Það verður fróðlegt hvernig þetta tímabil verður hjá okkur Grindavíkingum en við munum æfa á tveimur stöðum, í Smáranum þar sem við spilum áfram heimaleikina okkar en æfum líka í Kársnesskóla. Blikarnir þurfa að koma öllum sínum flokkum fyrir svo í þessu frábæra samstarfi erum við meira en til í að æfa á tveimur stöðum. Ég vona að Grindavíkingar haldi áfram að koma saman á körfubolta-leikjum, þetta var samverustund okkar í fyrra og engin ástæða til að það haldi ekki áfram. Við erum spennat fyrir vetrinum,“ sagði Lalli að lokum.

Keflavíkurkonur þekkja ekkert annað en að stefna á alla titla

„Þetta er skemmtileg áskorun, það er í raun ekki hægt að gera betur en í fyrra þar sem liðið vann alla titla sem voru í boði,“ segir þjálfari kvennaliðs Keflavíkur, Friðrik Ingi Rúnarsson. Frikki er gamall refur í bransanum, hefur þjálfað meistara-flokk síðan í kringum 1990 og var byrjaður fyrir 40 árum að þjálfva ungviðið í Njarðvík, þaðan sem hann er. Hann hefur þjálfað karlalið Njarðvíkur, Keflavíkur, Grindavíkur, KR og ÍR, hann hefur þjálfað kvennalið Njarðvíkur og tekur núna við nágrannakonunum hinum megin við bæjarmörkin. Frikki segir gaman hversu margir reyndir þjálfarar eru komnir í kvennaboltann og á von á jöfnu og skemmtilegu móti.

„Það er gaman að vera kominn aftur í baráttuna, síðast tók ég við karlaliði ÍR tímabilið '21-'22 og stýrði þeim frá fallsæti og hefði getað haldið áfram með liðið en fjölskylduáðstæður buðu ekki upp á það. Þegar Keflavík hafði samband í vor þá þurfti ég í raun ekki langan umhugsunarfrest. Það er skemmtileg áskorun að taka við liði sem vann allt sem í boði var á síðasta tímabili og því ekki hægt að gera betur, ég tek við frábæru búi af Sverri Þór og hlakka mikið til vetrarins.

Ég fylgist alltaf vel með og hef alltaf þegar ég hef ekki verið að þjálfva, verið að spá og spekulera í körfubolta. Ég horfi mikið á íþróttina og er þá með skrif-blokk við höndina og punkta niður og ég á marga vini og kunningja í sportinu, bæði hér heima og erlendis og fæ að fylgjast með þeirra störfum svo ég er mjög vel inni í málum. Íþróttin hefur tekið miklum breytingum frá því að ég byrjaði að þjálfva, hér áður fyrr var þetta ósköp einfalt, tveir stærstu leikmennirnir voru settir niður á blokkina nálægt körfunni og voru þar en í dag er nánast gerð sú krafa að allir leikmenn geti skotið fyrir utan þriggja stiga línuna. Það var nánast lítið á það sem glæp hér áður fyrr ef miðherjinn skaut fyrir utan. Þetta hefur opnað leikinn mikið og gert hann skemmtilegri að mínu mati en auðvitað eru þeir til sem fannst leikurinn skemmtilegri eins og hann var.“

ÓÁRENNILEGT KEFLAVÍKURLIÐ

Líklega er ekki góð tilhugsun fyrir andstæðinga Keflvíkinga að þær halda nánast óbreyttu liði sem vann allt sem var í boði á síðasta tímabili.



„Ég held sama kjarna en Birna Benónýsdóttir verður frá allt þetta tímabil, hún er að jafna sig eftir krossbandsslit. Fyrirliði liðsins í fyrra sem þurfti að hætta þar sem hún gekk eigi kona einsömum, Katla, er byrjuð að lyfta og koma sér í stand svo ég á von á henni einhvern tíma í vetur en þar fyrir utan eru allir sömu Íslendingarnir auk þess sem ungar og efnilegar stelpur bætast inn í hópinn. Daniella Wallen fannst rétt að segja þetta gott eftir síðasta tímabil enda ekki hægt að enda betur, hún átti frábær ár með Keflavík en ég náði vonandi að fylla hennar skarð með nýjum bandarískum leikmanni. Jasmine Dickey var valin af Dallas Wings í WNBA og spilaði 34 leiki með liðinu, spilaði svo á Ítalíu og var í Ástralíu í fyrra og varð meistari með Southside Flyers. Ég held að þetta sé hörku leikmaður og vænti mikils af henni. Við erum að leita að Bosman-leikmanni í stað Elisu Pinzan sem er leikstjórnandi, ég er að líta eftir leikmanni í sömu stöðu. Við höfum náð að leysa það í æfingaleikjum að undanförunu en viljum styrkja okkur í þessari stöðu.

Ég held að mótið í ár verði mjög jafnt en mörg lið ætla sér stóra hluti. Við erum með lið eins og Val og Hauka sem hafa unnið titla á undanförunum árum, þau ætla sér stærra hluti, það er mikill metnaður í Grindavík og svona mætti nánast telja upp öll liðin. Gaman að sjá alla þessa reynda þjálfara eins og Einar Árna með Njarðvík, Israel Martin með Tindastól og fróðlegt verður að fylgjast með Brynjar Karli og hans konum í Ápenu, ég hlakka mikið til vetrarins,“ sagði Frikki að lokum.

Skemmtileg deild framundan í kvennakörfunni

„Við munum einfaldlega spila öðruvísi, nýtum okkur hraðann og hversu góða skotmenn við erum með,“ segir nýráðinn þjálfari kvennaliðs Njarðvíkur í körfuknattleik, Einar Árni Jóhannsson. Segja má að Einar sé kominn hringinn en hann hóf meistaraflökksþjálfun sína árið 2001 með kvennaliði Njarðvíkur. Íslensku leikmennirnir í leikmannahópi hans í dag voru ekki fæddar þegar hann hóf þjálfaraferilinn á sínum tíma og í dag er hann að þjálfva dætur samferðarmanna sinna.

Það eru talsverðar breytingar á leikmannahópi Njarðvíkur svo væntingum verður stillt í hof til að byrja með.

Einar Árni á von á mjög skemmtilegu móti í Bónusdeild kvenna í vetur og segir að mörg lið ætli sér stóra hluti.

„Njarðvík stendur á stórum krossgötum því heimavöllurinn er að færast úr Ljónagryfjunni í Stapagryfjuna í Innri-Njarðvík. Kvennaliðið hefur líka tekið nokkrum breytingum. Á þeim tímupunkti sem ég vissi af áhuga Njarðvíkur voru bæði Jana Falsdóttir og Isabella Ósk Sigurðardóttir í leikmannahópnum en Jana fékk tækifæri á að fara í háskólaboltann í Bandaríkjunum og Isabella ákvað að spila með Grindavík. Njarðvík tefldi fram fjórum útlendingum í fyrra en vilji var fyrir því að fækka þeim í þrjá og þannig ætlum við að byrja, þrátt fyrir að við missum Jónu og Ísabellu. Það var fljótlega ljóst að við gætum ekki fengið sama Kana því Selena Lott verður að spila annars staðar fram í nóvember. Ég ákvað að fara í þekktu stærð í staðinn, Britanny Dinkins sem hefur leikið bæði með Keflavík og Fjölni. Emilie

Hesseldal kemur aftur og eftir vangaveltur varðandi þriðja útlendinginn, ákváðum við að taka Enu Viso aftur en höfðum hugleitt að taka stærri leikmann fyrst við misstum Ísabellu. Við munum bara spila öðruvísi, nýta okkur hraðann og hversu góða skotmenn við eigum, við ætlum að láta á þetta reyna svona og sjá hvernig okkur mun reida af.

Ég held að mótið í ár verði mjög skemmtilegt, það er fullt af liðum sem ætla sér stóra hluti. Keflavík kemur eðlilega fljótt upp í hugann, frábærlega manna lið með frábæran þjálfara sem tók við af öðrum frábærum þjálfara. Keflavík er með besta íslenska leikmanninn, Söru Rún Hinriksdóttur og fengu Kana sem hefur leikið í WNBA svo auðvitað eru þær líklegar. Grindavík ætla sér greinilega stóra hluti og svo verða lið sem verður fróðlegt að fylgjast með, t.d. nýliðar Ápenu, það er athyglisvert starf unnið þar en það verða þrjár nýliðar í deildinni í ár, Ápena, Tindastóll og Hamar/Þór. Þórsarar frá Akureyri ætla að byggja ofan á gott tímabil í fyrra, Stjarnan sömuleiðis, Haukar hafa styrkt sig og líka Valsarar, ég held við getum gert



råd fyrir mjög skemmtilegu tímabili. Gaman að fá reynda þjálfara í kvennadeildina eins og Friðrik Inga, Israel Martin með Tindastól og Brynjar Karl hjá Ápenu. Það er gaman að sjá hvernig metnaðurinn í þjálfuninni í körfunni hefur vaxið, það er ekki svo langt síðan að við sáum ekki aðstoðarþjálfara í úrvalsdeild karla, í dag eru þjálfara-teyminn jafnvel orðin þriggja manna og reyndir þjálfarar til aðstoðar.

Ég hlakka mikið til vetrarins, það er spennandi að fara inn í nýtt íþróttahús en þar mun fara mun betur um áhorfendur en í gömlu Ljónagryfjunni, með fullri virðingu fyrir því æðislega íþróttahúsi. Eg hvet stuðningsfólk okkar til að fjölmenna á leiki kvennaliðsins í vetur, þetta eru mjög efnilegir leikmenn sem ætla sér mjög langt og ég lofa að við munum alltaf leggja okkur 100% fram,“ sagði Einar Árni að lokum.



Mynd/Ingibergur Þór

Grindavík ætlar sér að gera betur en í fyrra og það þýðir bara eitt

„Það var ákveðinn sláttur á okkur í fyrra, við ætlum okkur ekki að vera með minni slagkraft í vetur,“ segir þjálfari karlaliðs UMFG í Bónusdeild karla, Jóhann Þór Ólafsson, en enginn þjálfari fyrir utan bróður hans með kvennalið UMFG, þurfti að upplifa neitt viðlíka á síðasta tímabili þar sem allir þurftu að yfirgefa Grindavík. Smárin varð nýi heimavöllurinn og Grindavík nýtti sér mótlætið mjög fljótlega og reið á stórra öldu allt til loka tímabils en þurfti að lúta í lægra haldi í oddaleik gegn Val í lokaúrslitum Íslandsmótsins.

að standa sig þar og vaxa sem leikmaður. Í staðinn fáum við tvo gamla félag, Odd Rúnar Kristjánsson og Björgvin Hafþór Ríkharðsson, þeir eiga eftir að þetta hópinn.“

ÖLL LIÐIN ÆTLA SÉR TITILINN

Í fyrra var talað um að átta til tíu lið hafi ætlað sér Íslandsmeistaratitilinn og fyrir þetta tímabil má í raun gera ráð fyrir að öll liðin ætli sér alla leið, nýliðar deildarinnar eru af dýrari gerðinni, Reykjavíkurrarnir KR og ÍR.

„Það var sláttur á okkur í fyrra og við ætlum okkur ekki að vera með minni slagkraft í vetur en málið er bara að nánast öll hin liðin hugsa eins. Valsarar eru alltaf sterkir, Stólarnir ætla sér alla leið, metnaðurinn í Keflavík er alltaf sá sami og ég gæti í raun nefnt öll liðin, ég held að deildin muni enn og aftur toppa sig í vetur og það er von á spennandi og skemmtilegu móti.

Ég á ekki von á öðru en mínir sveitungar muni halda áfram að lúta á körfuboltaeiki sem samverustundir, við áttum frábæran tíma saman í Smáranum á síðasta tímabili og sé ekki út af hverju það ætti ekki að halda áfram í vetur. Við ætlum okkur að gera betur en í fyrra og það þýðir bara eitt,“ sagði Jóhann Þór að lokum.

Á lokahófi liðsins var strax tilkynnt um nýja samninga við leikmenn og fljótlega ljóst að Grindvíkingar leggja allt í sölnurnar í vetur til að landa titli, já eða titlum.

„Að sjálfsögðu voru mikil vonbrigði að ná ekki að landa Íslandsmeistaratitilinum á síðasta tímabili en í raun var strax kominn hugur í okkur og við tryggðum okkur strax krafta Deandre Kane, ég er nokkuð viss um að önnur íslensk lið hefðu borið vírnar í hann ef við hefðum ekki klófest hann. Það gastaði auðvitað í kringum hann en það var miklu meira jákvætt en neikvætt, fjölmiðlar voru fljótari að pikka upp það neikvæða en allir í hópnum eru himinlifandi að hafa hann áfram, það dugir mér. Við náðum líka að halda Dananum Daniel Mortensen og ég var ánægður með að næla í Jason Gigliotti en hann er Bandaríkjamaður sem leikur á ungversku vegabréfi, eins og Deandre frændi hans. Jason er miðherji og skilaði flottum tölum með Þór Akureyri í 1. deildinni í fyrra, ég er viss um að hann mun passa vel í úrvalsdeildina. Ég hefði auðvitað vilja halda Dedrick Basile en var ánægður með mína menn að fara ekki í verðstríð við Stólana. Því þurfti ég að finna nýjan Kana og bind miklar vonir við Devon Thomas sem er sömuleiðis lítill og snöggur leikstjórnandi. Hann er mjög öflugur varnarlega og ég hef trú á að hann muni reynast okkur vel í vetur.

Við missum Arnór Tristan Helgason, hann ætlar að spreya sig á Tenerife í vetur og á örugglega eftir



Ljónagryfjan yfirgefin fyrir rúmbetri Stapagryfju

„Ég hafði hugsað mér að taka mér pásu eftir síðasta tímabil en þegar kallið kom frá karlaliði Njarðvíkur var það of gott tækifæri að grípa ekki traustatökum,“ segir nýráðinn þjálfari karlaliðs Njarðvíkur í Bónusdeild karla í körfuknattleik, Rúnar Ingi Erlingsson. Rúnar var búinn að vera í sex ár kvennamegin, þar af í fjögur ár sem aðalþjálfari og fær það hlutverk að leiða Njarðvíkinga á nýjar slóðir en eftir margra átuga sigursæla veru í Ljónagryfjunni, munu grænu ljónin færa sig í Innri-Njarðvík og leika heima-leiki sína í glænnyju ípróttahúsi við Stapaskóla, Stapagryfjunni.

Körfubolti er alltaf körfubolti, hvort sem börn, karlar eða konur eru þjálfaðar.

„Fyrir utan að karlar hlaupa örliði hraðar og hoppa aðeins hærra, þá er þetta keimlíkt og ég mun koma með svipaða hugmyndafræði að karlaborðinu eins og ég var með undanfarin ár við kvennaborðið. Þjálfarinn þarf alltaf að aðlaga sig leikmannahópnum, ólíkt þjálfara í háskólaboltanum í Bandaríkjunum t.d. en þar er algengt að sami þjálfarinn sé svo áratugum skiptir og hann getur valið úr fjölda leikmanna á hverju ári sem passa inn í hans hugmyndafræði. Við þjálfararnir á Íslandi búum ekki alveg eins vel og þurfum að vinna með það sem við fáum upp í hendurnar. Ég mun pottþétt nota sumt af því sem ég notaði í fyrra með kvennaliðið og annað verður nýtt. Það er alltaf gaman að takast á við nýja spennandi hluti, ég hlakka til að koma með mína hugmyndafræði að borðinu en ég er búinn að vera í öllum hlutverkum má segja hjá Njarðvíkurliðinu, byrjaði sem vatnsberi tíu ára gamall, sá um ritaraborðið, tölfraeðna, var nýliði í liðinu, var aldursforseti og fyrirliði og var aðstoðarmaður Daníels Guðna Guðmundssonar árið 2017 til 2018, aðalþjálfarastaðan var það eina sem ég átti eftir fyrir utan auðvitað stjórnarhlutverkin en ég læt þau bíða betri tíma.“

TROÐFULLT Á FYRSTA HEIMALEIKNUM?

Eins og hjá öðrum liðum eru breytingar á Njarðvíkurliðinu fyrir komandi tímabil.

„Við missum Þorvald Árnason, hann fer í sitt gamla félag, KR og Elías Bjarki Pálsson fór til Bandaríkjanna í nám. Það munar um minna í þessum tveimur leikmönnum, báðir hávaxnir bakverðir og voru báðir byrjunarliðsmenn um tíma. Í staðinn hef ég

fengið þrjú efnilega stráka, tvo frá Fjölni og einn Íslending sem bjó í Noregi og svo njótum við þess að hafa Veigar Pál Alexandersson frá upphafi en hann bættist í hópinn um síðustu áramót og óx ásmegin allan tímunn. Sömuleiðis bættist Isaiah Coddon í hópinn en hann er bandarískur en leikur sem Íslendingur, hann hefur leikið með Skallagrími, Haukum og síðast með Álftanesi. Svo má ekki gleyma fjölmörgum ungum og efnilegum Njarðvíkingum sem koma upp í meistaraflokkshópinn.

Ég ákvað að skipta um Bandaríkjamann síðan í fyrra en hitti ekki beint í mark í fyrstu atrennu, ég ákvað að gera breytingu fyrir stuttu og bind vonir við að Khalil Shabazz muni reynast happafengur, hann gerði góða hluti með Balikeshir í tyrknesku B-deildinni í fyrra og var með sautján stig og sex stoðsendingar í leik.

Hinir erlendu leikmennir frá síðasta tímabili verða allir áfram.

Deildin í ár verður gríðarlega sterk, Valsmenn og Stólarnir verða sterkir og í raun bara öll lið held ég. Okkar væntingar til tímabilsins eru eins og venjulega, við Njarðvíkingar þökkjum ekkert annað en ætla okkur að vinna titla. Við erum að vinna með minni fjármuni en mörg lið en það breytir því ekki að við ætlum okkur að ná árangri.

Ég hafði hugsað mér að taka mér pásu eftir síðasta tímabil en að fá að leiða karlaliðið inn í nýja höll var of gott tækifæri. Auðvitað verður erfitt að yfirgefa Ljónagryfjuna, það mun taka einhvern tíma að finna sama takt á nýjum stað en það er undir okkur komið hvernig við nálgumst það verkefni. Ég get ekki beðið eftir fyrsta heimaleiknum sem verður laugardagskvöldið 12. október kl. 19, ég vil sjá húsíð troðfullt og þetta verði alvöru menningarviðburður í Innri-Njarðvík,“ sagði Rúnar Ingi að lokum.

Keflvíkingar stefna alltaf í hæstu hæðir

„Keflvíkingar þekkja ekkert annað en stefna á að bæta titlum við í titlasafnið, það verður engin stefnubreyting fyrir þetta tímabil,“ segir þjálfari karlaliðs Keflavíkur í Bónusdeild karla, Pétur Ingvarsson en hann skilaði bikartitli á sínu fyrsta tímabili sem þjálfari liðsins í fyrra og fór í oddaleik í undanúrslitum Íslandsmótsins á móti Grindavík. Margir hugleiða eflaust hvernig sú rimma hefði farið ef Bandaríkjamaður Keflavíkur, Remy Martin, hefði ekki slitið hásin í fyrsta leiknum en Keflvíkingar létu það áfall ekki á sig fá og gáfu Grindvíkingum hörku seríu en þurftu að sætta sig við tap í oddaleiknum. Keflvíkingar ætla sér stóra hluti á komandi tímabili.

Á síðasta tímabili kölluðu aðdáendur andstæðinganna einn leikmanna Keflavíkur „pabbastrák“ en Sigurður er yngri sonur Péturs og átti frábært tímabil með Keflvíkingum. Í vetur þurfa andstæðingarnir að kalla „pabbastrákar“ þar sem eldri sonurinn, Hilmar, er kominn í Keflavíkurbúninginn en hann reyndi fyrir sér í atvinnu-mennsku í Þýskalandi á síðasta tímabili.

„Spurning hvort ég sé rétti aðilinn til að meta son minn, ég myndi líklega vilja fá hann þótt hann gæti ekkert en að öllu gríni slepptu þá er Hilmar landsliðsmaður og á pottþétt eftir að styrkja okkur í vetur. Svo fengum við Jarrelle Reischel sem er Þjóðverji, lék með Bremerhaven síðustu þrjú tímabil og skilaði góðum tölum en hann er um tveggja metra framherji. Wendell Green jr. kemur svo í staðinn fyrir Remy Martin, hann er leikstjórnandi eins og Remy og er að hefja sitt annað tímabil sem atvinnamaður. Hann var í Serbíu

á síðasta tímabili og hefur verið í dómíniska lýðveldinu í sumar svo hann kemur í góðu formi. Þetta er lítill og snaggaralegur leikmaður sem ég bind vonir við í vetur. Ég er bara nýlega búinn að fá allan hópinn saman og við höfum ekki spilað neina æfingaleiki til þessa en ég reyndi að finna leikmenn sem passa inn í það sem ég vil gera. Það sem ég hef séð til þessa lofar góðu. Fyrir utan Remy þá missum við Urban Oman og Danero Thomas.“

STERKUSTU NÝLIÐAR SÖGUNNAR?

Elstu menn muna ekki aðra eins nýliða eins og eru í úrvalsdeild karla í körfu fyrir þetta tímabil, KR og ÍR eru bæði með talsvert ríkari körfuboltasögu en liðin sem féllu, Hamar og Breiðablik. Pétur á von á enn jafnari keppni en var í fyrra.

„Ég þarf ekkert að segja þér hvað markmið Keflavíkur er, hér á bæ er stefnan alltaf sett á titla og það verður engin stefnubreyting



í ár. Í fljótu bragði koma Íslandsmeistarar Vals upp í hugann og Tindastólmenn ætla sér sömuleiðis stóra hluti en það er mikill metnaður í gangi hjá öllum liðum en ljóst að það geta ekki allir unnið. Með fullri virðingu fyrir Hamri og Breiðabliki, þá erum við að fá mun sterkari nýliða í deildina í ár og ég á von á að deildin verði mjög jöfn og skemmtileg

Ég er ánægður með hópinn minn en kór verður aldrei góður ef allir syngja í sínu horni, nú er verkefnið að fá samhljóð og ef það tekst þá verðum við í góðum málum,“ sagði Pétur að lokum.



OUTLET

SPRENGJA

20-70%

AFSLÁTTUR AF: SKIPTIDÝNUM, ELDRI GERÐUM AF ÚTLITSGÖLLUBUM DÝNUM, STILLANLEGUM RÚMUM, HVÍLDARSTÓLUM OG SÓFUM, LÖKUM, RÚMFÖTUM O.M.FL.

- HANDKLÆÐI** 50x100cm verð áður kr. 990,-
Nú aðeins kr. 445,-
- PVOTTASTYKKI** áður kr. 300,- Nú aðeins kr. 150,-
- KODDAVER STRIPE** kr. 990,- Nú aðeins kr. 445,-
- KODDAFYLLINGAR** 40x40cm aðeins kr. 250,-
- DAMASK LÖK TWIN** 97x203cm áður kr. 8.900.
Nú aðeins kr. 4.450,-
- DAMASK LÖK, FULL** 135cm áður kr. 10.400.
Nú aðeins kr. 5.400,-

Hvít rúmteppi, nokkrar stærðir
Nett náttborð/hliðarborð, nokkar gerðir
ÝMSIR STUÐNINGSPÚÐAR aðeins kr. 1.000,-
Úrval af höfuðgöflum

ÚRVAL AF HVÍLDARSTÓLUM
30-50%
AFSLÁTTUR

HEILSUDÝNUR
180X210 CM
FRÁ KR.
75.000,-

50% AFSLÁTTUR
AF KR-NÁTTBORÐUM
AÐEINS KR. 19.950,-



ÚRVAL AF SÝNINGAR-SÆNGURVERASETTUM

FRÁBÆR TILBOÐ Í VERSLUNUM MEÐAN Á ÚTSÖLU STENDUR



SVEFN OG HEILSA.IS

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | Baldursnesi 6, Akureyri
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00

Ertu með ábendingu um frétt? Sendu á vf@vf.is



Hrafnar með listflug í Helguvík

Þú lest það í Víkurfréttum

Lestur Víkurfréttanna er fræðandi um mannlíf á Suðurnesjum og einnig oft góð skemmtun. Í síðasta blaði voru Grindvíkingar fulltrúar Suðurnesjamanna á Sjávarútvegssýningunni, þrátt fyrir að sauðfjárbúskapur væri þeirra helsti lífsstíll. Mikilvægt er að koma upp vistheimili barna í Reykjanesbæ á sama tíma og niðurrið Garðasels er undirbúið og langtímaveikindi starfmannna Reykjanesbæjar kosta 200 milljónir á ári. En það á ekki bara að rífa Garðasel, heldur líka Nýja bíó. Þar með mun ljúka áratuga bíó sögu Keflavíkur. Þótt Félagsbíó hafi tæknilega ekki verið rífið, þá má segja að breyta bíói í Bónusverslun sé tæknilegt niðurrið. Brotthvarfi bíóhússins á Hafnargötu fylgir uppbygging á háhýsi með íbúðum, verslunum og tilheyrandi þjónustu, allt í takt við nýja tíma. Útsýni af efstu hæð yfir faxafloann og kjörstaða til að fylgjast með framvindu mála í kísilverinu góða. SAM-blokkin verður bæjarprýði. Ég er viss um það.

Meðan undirbúningur háhýsa-bygginga á sér stað í Reykjanesbæ, funda almannavarnir í Vogunum. Það er ekkert grín en nýjustu eldstöðvarnar eru nær Vogum en Grindavík. Áður en hraunið kemst í Vogana rennur það víst yfir Reykjanesbrautina. Ég vil síður hugsa þá hugsun til enda að Reykjanesbrautin verði hraunflæði að bráð, áður en það tekst að tvöfalda hana alla leið. En sá möguleiki er í stöðunni. Mesta lífið á Suðurnesjum er án nokkurs vafa í bæjarfélaginu sem ber besta nafnið, Suðurnesjabæ. Í fyrri tölublöðum Víkurfréttanna má lesa hvernig bæjarfulltrúum í þessu nýsameinaða sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis reynist nær ómögulegt að staðsetja einn knattspyrnuvöll lagðan gervigrasi. Tekjur Sandgerðishafnar aukast, í Sandgerði er nú að finna hágæða bónstöð og bílageymslu og hinn eini sanni Jón Norðfjörð mærir sameininguna undir fyrirsögninni Sandgerði, fallega Sandgerði en ljóst virðist vera miðað við þetta að íbúar Suðurnesjabæjar munu eins



Mundi

Hrafnasark?

LOKAORD



MARGEIRS VILHJÁLMSSONAR

og íbúar Reykjanesbæjar aldrei taka upp hið nýja nafn, heldur nota hin gömlu til æviloka. Svo er það fólkíð sem vill byggja upp og bæta. Það mætir auðvitað bara mótlæti því sums staðar er virðist aðalSKIPULAGIÐ bara vera meitlað í stein. Það á bara alls ekki að leyfa frístundabyggð á Stóra Hólmi í Leiru. Það er skilgreint sem íþróttasvæði. Líklega einhver besta hugmynd sem fram hefur komið í fjöðra ára og mun ekki gera neitt nema að styrkja rekstur golfvallarins í Leiru. Að lokum auglýstu Víkurfréttir eftir hlaðvarpsgerðarfólki. Ég ætla að hoppa á vagninn - og hvet alla sem áhuga hafa á fjölmiðlun að láta ljós sitt skína. Hvet ykkur til að hlusta þegar það kemur í loftið. Þar verður ekki töluð vitlesan. Góðar stundir!

Mundu eftir brjóstunum!

Reykjanesbær 20. -21. nóv. og 23.-27. nóv. 2024

Dagana 20.-27. nóvember 2024 verður boðið upp á brjósta-skimun á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Hægt er að bóka tíma á brjostaskimun@landspitali.is eða í síma 543 9560 kl. 8:30-12:00 virka daga.

Allar konur á Suðurnesjum sem eru komnar á tíma í skimun eru hvattar til að bóka.

HSS
HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA
Samfélagsteg ábyrgð